ÞITT EINTAK

# SIRKUS

21. APRÍL 2006 | 16. VIKA



## PITTI SVEINS
## EINI HOMMINN Í VERZLÓ

# ALÞÝÐUROKK Á ÍSAFIRÐI

ROKKHÁTÍÐ ALÞÝÐUNNAR, ALDREI FÓR ÉG SUÐUR, VAR HALDIN UM PÁSKANA. SIRKUS VAR AÐ SJÁLFSÖGÐU Á STAÐNUM OG TÓK PÚLSINN Á KJÁLKANUM.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK



# SÍÐUSTU SAMSTÖÐU-TÓNLEIKARNIR Í HELLINUM

**SAMSTÖÐUTÓNLEIKAR HELLISINS VERÐA HALDNIR ANNAÐ KVÖLD Í TÓNLISTARÞRÓUNARMIÐSTÖÐINNI. HLJÓMSVEITIR NAR SEM HAFA HAFT SKJÓL UNDIR STARFSEMI SÍNA ÞAR MUNU STÍGA Á STOKK OG SÝNA AFRAKSTUR VETURSINS.**

„Tónleikarnir eru núna á laugardaginn kemur og eru þetta síðustu Samstöðutónleikarnir,“ segir Danni Pollock, umsjónarmaður Hellisins. Það er búið að taka alla tónleikana upp og það er pæling að gefa út disk og svo myndband. Útkoman verður líklega heimildamynd sem er náttúrlega æðislegt framtak og hlakka ég mikið til að sjá það. Það hefur gengið rosalega vel og það verður gaman að sjá útkomuna. Þetta er meira rokkað núna en margar hljómsveitir hafa stigið á stokk hjá okkur. Að þessu sinni er það Mammút, The Foreign Monkeys, Sweet Sins, Hölt hóra, Nevolution, Momentum og Leynigestur. Það eru rosalega skemmmtilegar hljómsveitir búnar að koma og síðustu tónleikarnir eru með mögnuðum hljómsveitum. Þetta er rokk.is að kynna sig og að sjálfsögðu er frítt inn fyrir alla, svo það er um að gera að koma og skemmta sér,“ segir Danni Pollock sem er spenntur fyrir kvöldinu.

## SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus vill að við rifjum upp gamla góða tíma og tjekkum á því hvort minningin er fölsk eða sönn. Var myndin jafn mikil snilld og mig minnti eða ekki? Var það góð hugmynd að gera seríu eða hefði ein eða tvær myndir dugað? Þessum spurningum er auðsvarað með því að setjast fyrir framan imbann og horfa á gamla góða slagara eins og Godfather, Terminator, Rambo og Rocky-myndirnar.



Sirkus elskar og fær ekki nóg af fólki sem er alltaf á fullu að gera eitthvað á frídögunum sínum. Fólk sem planar frídagana sína út í gegn og er þreyttara eftir helgarnar heldur en eftir vinnuvikuna. Það er alltaf í sundi, það fer á skauta, í bíltúra og svona má lengi telja, það er ekki að setja lappirnar upp í loft og leyfa huganum að reika. Þetta er fólk sem að býr sér til hreingerningadaga upp úr þurru, úff þetta er ótrúlegt fólk sem liggur ekki í leti þegar það getur það.



Þá er komið að því að við höfum gaman saman. Þeir sem vilja sláist í för með Dragkeppni Íslands. Við mælum endregið með þessu og það þarf ekki að útskýra hvers vegna. Flott dress, góð músík og stemning koma manni í gott skap. Skráningin er hafin svo ekki sitja sveitt heima og bölva feimninni, skellið ykkur í fjörið og það er aldrei að vita nema þú sért sigurvegari í Dragkeppni Íslands 2006. Þeir sem hafa áhuga geta skráð sig á netfangið dragkeppni@visir.is.

SIRKUSÁVARPIÐ

## FRÍDAGAR HINNA LÖTU

Ég er vinnuþjarkur af gamla skólanum. Mér líður illa í fríi og veikindum. Páskarnir hjá mér eru því tími eirðarleysis og leiðinda. Ég svaf út og vaknaði því klukkan níu á morgnana og hugsaði: „Hvern andskotann á ég að gera í dag?“ Ef það væri ekki fyrir líkamsræktarstöðvar væri ég orðinn geðveikur. Ég gat drepið tímann að einhverju leyti með því að taka á lóðunum en það var skammgóður vermir. Ekki er maður í tíu tíma í ræktinni. Á dauða tímanum fór ég að spila tölvuleiki sem drápu niður í mér alla frjóa hugsun. Skrattinn sjálfur.

Ég er á því að það eigi að skera niður þessa frídaga. Þeir eru letjandi og með öllu tilgangslausir. Ég var í sveit í fimm sumur ævi minnar og ekki fóru beljurnar í páskafrí. Það þurfti að mjólka þær alla daga. Á jólum, páskum og á sumardaginn fyrsta. Alltaf þurfti að rífa í spenana. En ef á að hafa þessa frídaga yfir höfuð, er þá ekki fínt að klína þessu við helgi? Fimmtudagsfrídagar eru bölvaður fjandi sem slítur sundur vinnuvikuna. Nær væri að hafa þetta eins og í Bretlandi þar sem frídagar eru látnir lenda á mánudögum og kallast þeir Bank holiday. Best væri þó að sleppa þessu öllu og láta fólk mæta í vinnu og hætta að væla.



**Sólmundur Hólm**


SIRKUS RVK

365

**Auglýsingastjóri:** Jóhannes Már Sigurðarson
**Kynningarstjóri:** Guðmundur Arnar Guðmundsson
**Sölustjóri:** Hörður Jóhannesson hordur.johannesson@365.is
**Ritstjóri:** Sólmundur Hólm
**Ritstjórn:** Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
**Áskrift:** 550 5000 / askrift@365.is
**Prentun:** Ísafoldarprentsmiðja




**Forsíðumyndina tók Hörður Sveinsson af Bóasi, söngvara hljómsveitarinnar Reykjavík! á Aldrei fór ég suður tónlistarhátíðinni.**

EFNI


**4** – Sigurvegari söngkeppni framhaldsskólanna tekinn á teppið
**7** – Pitti Sveins er eini homminn í Verzló
**9** – Hvað heita þau eiginlega?
**10** – Heimsfrægir styðja alnæmissamtökin
**12** – Elva opnar dyrnar
**14** – Úrslit í spurningakeppni rauðhærðra
**16-17** – Aldrei fór ég suður. Sirkus fór vestur
**18** – Færeysk tónlistarveisla á Nasa
**26-28** – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík
**31** – Spurt og svarað með Stóra G




# Próf smóf!

- [√] hressari á morgnana
- [√] skarpari í skólanum
- [√] öruggari í prófunum

**RAUTT EÐAL GINSENG**
Þegar reynir á þrek og þol






www.ginseng.is



YFIRHEYRSLAN

# HEF AFGREITT GARÐAR GUNNLAUGS ÚTI Í SJOPPU

HELGA INGIBJÖRG GUÐJÓNSDÓTTIR, 19 ÁRA NEMI Í FJÖLBRAUTARSKÓLA VESTURLANDS, SIGRAÐI Í SÖNGVAKEPPNI FRAMHALDSKÓLANNA Á DÖGUNUM. HÚN SÖNG LAGIÐ VEGAS AF MIKLUM GLÆSIBRAG EN ÞAÐ ER ÍSLENSK ÚTGÁFA LAGSINS RUBY TUESDAY. SIRKUS RVK HAFÐI SAMBAND VIÐ SKAGADROTTNINGUNA OG YFIRHEYRÐI HANA Á SINN HÁTT.



**HVAÐ FINNST ÞÉR UM FEGURÐARSAMKEPPNIR?**
Mér finnst þær alveg allt í lagi.

**ER DÓPIÐ KOMIÐ TIL AÐ VERA Á AKRANESI?**
Nei, síður en svo.

**LÍTRI AF SKYRI EÐA LÍTRI AF SÚKKULAÐI?**
Lítri af súkkulaði.

**LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS-IÐ SEM ÞÚ FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?**
Það er frá strák sem sagðist vera að fara í sturtu og ætlaði að hringja í mig á eftir.

**HEFURÐU LAMIÐ STRÁK?**
Nei, bara bræður mína.

**EF ÞÚ FENGIR AÐ VELJA EINA MANNESKJU Í MANNKYNSÖGUNNI TIL AÐ SOFA HJÁ, HVER YRÐI FYRIR VALINU?**
Tökum þetta klassískt, Brad Pitt.



**HVAÐ Á AÐ KJÓSA Í BÆJARSTJÓRNARKOSNINGUM Í VOR, FRAMSÓKN?**
Má nokkuð gefa það upp?

**HVORT FARA HOMMAR EÐA LESSUR MEIRA Í TAUGARNAR Á ÞÉR?**
Hvorugt. Af því ég hef ekki umgengist það mikið af hommum og lesbíum.

**BANANAR Í NÁTTFÖTUM EÐA BARA ENGAN BANANA?**
Banana í náttfötum.



**HVER ER FRÆGASTI MAÐUR SEM HEFUR REYNT VIÐ ÞIG?**
Það hefur enginn frægur reynt við mig.

**VILTU FÁ STYTTU AF GUÐJÓNI ÞÓRÐARSYNI Í MIÐBÆ AKRANESS?**
Auðvitað.

**ASÍSKAN ENDURSKOÐANDA EÐA ÞELDÖKKAN GANGSTARAPPARA FRÁ DETROIT?**
Þeldökkan gangstarappara frá Detroit.

**ER OFFITA VANDAMÁL?**
Já. Það er mikið vandamál.

**HEFURÐU SÉÐ GARÐAR GUNNLAUGSSON ÚTI Í SJOPPU?**
Ég hef meira að segja afgreitt hann í sjoppu.



**SKIPTIR STÆRÐ MÁLI?**
Nei, bara frammistaðan.

**ÆTLARÐU AÐ VERÐA FRÆG EINS OG BJÖRK EÐA FRÆG EINS OG LEONCIE?**
Fræg eins og Björk.

**BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐMÆLANDA**
Hundar eða ketttir?

## SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir ekki með íslensku krónunni. Hvernig væri að sparka þessu drasli út úr landi og taka upp evruna. Óþolandi þessar stöðugu breytingar á genginu. Áður en langt um líður verður maður farinn að borga 600 krónur fyrir bjór á Spáni.



Sirkus mælir ekki með vindgangi í kvikmyndahúsum. Það er fátt verra en að sessunautur manns prumpi í bíó. Það gjörsamlega drepur niður stemninguna og áður en maður veit af er maður dottinn út úr myndinni því öll athyglin fór í að halda nefinu saman.




Sirkus mælir ekki með bensínsprengjum. Það er einfaldlega orðið of dýrt. Þegar lítrinn af bensíni stefnir hraðbyri að tvö hundruð krónum eru það ekki nema háir herrar sem hafa efni á slíkum gjörningi.



Sirkus mælir ekki með ferðum á hóruhús í útlöndum. Slíkar ferðir skilja ekkert eftir sig annað en nagandi samviskubit og heimsókn á húð og kyn þegar heim er komið.

# HEIÐARLEGUR HÚMORISTI



RAGNAR TÓMAS HALLGRÍMSSON Í ORIGINAL MELODY

„Ég er ekki í vandræðum með að svara þessu," segir Ragnar, meðlimur í hljómsveitinni Original Melody. „Ég mundi segja Jay Dee en hann er nýlátinn en hann var algjör þjarkur, snillingur af guðs náð. Hann var búinn að vera með einhvern blóðsjúkdóm og dó bara í faðmi mömmu sinnar. Hann vann hjá Stone Throw Records og gerði þar endalausa snilld og vann bara allan sólarhringinn í tónlistinni. Hann er hetjan mín í tónlistinni, heiðarlegur húmoristi. Allt frá því ég uppgötvaði hann hef ég fylgst með honum og dáðst af því hvað hann var duglegur og lagði sig allan í tónlistina," segir Raggi sem tekur ofan fyrir sinni einu sönnu hetju.

JAY DEE Á GÓÐRI STUNDU.



HETJAN MÍN


Sigtún 40
RISASTÓR
MARKAÐUR
með geisladiska, DVD, músik og myndir
í Sigtúni 40 (gamla Blómaval)
DVD
LEVITY
Kr. 899.-
DVD
THE BUSINESS OF STRANGERS
Kr. 899.-
DVD
CHICK COREA
Kr. 1.299.-
DVD
THE MOODY BLUES
Kr. 1.499.-
DVD
DUSTY SPRINGFIELD
Kr. 1.299.-
DVD
Kr. 1.299.-
DVD
Stevie Ray Vaughan
Kr. 1.299.-
CD+DVD+BÓK
Kr. 2.499.-
DVD
Bob Marley
Kr. 1.299.-
DVD
THE HISTORY OF THE WORLD CUP
Kr. 999.-
Kr. 1.299.-
CD+DVD
DEVILS & DUST
Kr. 1.999.-
CD+DVD
Kr. 1.999.-
Kr. 999.-
Kr. 1.299.-
Kr. 1.299.-
Kr. 1.499.-
NIRVANA
Kr. 1.299.-
Kr. 999.-
NÝTT
Kr. 1.499.-
Kr. 1.199.-
Kr. 1.399.-
Minimania
Kr. 499.-
Kr. 999.-
Kr. 999.-
hansa
Kr. 999.-
Opið
alla daga
frá 12.00 - 18.00
BERGVÍK
12 Tónar
CULTURE COMPANY
Músik ehf
MÚSIK & MYNDIR
stofa108

# ÞAÐ ERU RAUÐHÆRÐIR MENN Í BROOKLYN

HLJÓMSVEITIN ORIGINAL MELODY GAF Á DÖGUNUM ÚT DISKINN FANTASTIC FOUR. SIRKUS RÆDDI VIÐ ÍVAR SCHRAM SEM ER EINN HINNA FJÖGURRA OG FRÁBÆRU.



SIRKUS-MYND E.ÓL

**HVAÐ GETURÐU SAGT MÉR UM HLJÓMSVEITINA OG NÝJA DISKINN?**

„Við erum fjórir í hljómsveitinni, fjögurra manna hljómsveit og platan er gefin út af okkur sjálfum. Platan heitir Fantastic Four sem gefur til kynna fjölda meðlima, við í hljómsveitinni komum allir úr mismunandi átt. Við erum allir með okkar hráefni en saman blandast þetta og úr verður ein heild, rétt eins og þegar þú býrð til súkkulaðiköku. Þetta er náttúrlega hip hop með jazz- og fönkívafi. Hip hopið er margslungið og búið til úr ýmsum tónlistarstefnum en við leitum aðallega í jazzinn og fönkið, tónlist frá níunda áratugnum. Við tökum gamla tóna og púslum þeim saman og svo er einnig mikið um live hljómleik.“

**BÚNIR AÐ VINNA LENGI SAMAN?**

„Við vorum sex en erum fastir í tölunni fjórir. Við höfum verið fjórir í fjögur ár og erum mjög sáttir við það.“

**HVERT STEFNIÐ ÞIÐ MEÐ ÞESSA TÓNLIST?**

„Við stefnum hátt, ég meina, við ætlum langt og ætlum að leggja þetta fyrir okkur. Við ætlum út fyrir landsteinana, það er kannski eina ástæðan fyrir því að við röppum á ensku, það eru fleiri tækifæri ef maður rappar á ensku.“

**ER ÞETTA GANGSTARAP?**

„Já, já, en með heimspekilegu ívafi. Það má segja það vegna þess að við röppum ekki um stelpurnar sem við höfum sofið hjá og peningana, heldur eru textarnir um eitthvað aðeins meira en það.“

**HVER ER MESTI GANGSTERINN Í BANDINU?**

„Ég mundi segja að það væri Raggi af því að hann bjó úti í Flórída í Bandaríkjunum. Helgi líka, en svo er ég samt með mesta bling blingið, ég er blingtýpan í hljómsveitinni.“

**NÚ ERT ÞÚ RAUÐHÆRÐUR, ÞIÐ RAUÐHÆRÐU MENNIRNIR EIGIÐ EKKI MARGA FULLTRÚA Í BROOKLYN, ER ÞAÐ?**

„Jú, sko, það er nú þannig að þeim er að fjölga. Ég er kannski ekki alveg með þetta á hreinu því ég er ekki mikið í sambandi við þá núna. En jú, við eigum okkar fulltrúa.“

**FRAMUNDAN?**

„Við vorum með tónleika í Stúdentakjallaranum fyrir próftörnina. Það var alveg stútfullt en núna erum við að einbeita okkur að skólanum. Það eru tónleikar á vegum FlassFM á Brodway núna 26. og 27.apríl, fyrra kvöldið er fyrir grunnskólana en seinna fyrir framhaldsskólana. Við förum strax af stað um miðjan maí og tökum þá sumarið með trompi,“ segir rauðhærði bróðirinn Ívar sem við Íslendingar eigum án efa eftir að sjá meira af.

## 6 HLUTIR SEM ÞÚ ÁTT EKKI AÐ GERA Í SUMAR



**1. HÆTTA MEÐ KÆRUSTUNNI/KÆRASTANUM**
Þú hefur ekki eins mikinn séns og þú heldur.



**2. HANGA Á AUSTURVELLI ALLA DAGA**
Það er allt í lagi að detta á völlinn af og til. En ekki hanga þarna alla daga. Þarf fólk ekki að vinna?



**3. KAUPA FLIPPBÍL**
Það er ekki sexí að aka um á ofursprejuðum flipparabíl. Þótt hann kosti bara 12 þúsund kall.



**4. FARA Í SPYRNU**
Getur endað hræðilega.



**5. KRÚNURAKA ÞIG**
Það er í lagi ef þú ert ekki með jafn stór eyru og Davíð Oddsson og Megas.



**6. GISTA Í ÓDÝRU TJALDI**
Á góðri útihátíð þarf tjaldið í það minnsta að halda hlandi.

## SIRKUS KANNAR MARKAÐINN 10 HEITAR Á MINNSIRKUS.IS



**FORMOSITAS.MINNSIRKUS.IS** Formositas er 22 ára leikskólaleiðbeinandi og fyrirsæta. Hún er stórglæsileg. Meira er hægt að fræðast um hana á www.123.is/kisa.



**FUNKY.MINNSIRKUS.IS** Funky er flott gella sem starfar í Krónunni. Hún er sautján ára og segist elska að djamma.



**EDDAK.MINNSIRKUS.IS** Edda K er 16 ára stelpa sem segist vera „bara í skóla“. Hún gefur ekki of mikið upp um sjálfa sig og segir það þitt að komast að því.



**ASLAUGTH.MINNSIRKUS.IS** Áslaug er 24 ára flugfreyja sem ber af sér mikinn og fallegan þokka. Virðist ekki hafa skráð sig oft inn því það getur ekki verið að svo sæt stelpa eigi enga vini.



**GUDRUNHALLA.MINNSIRKUS.IS** Guðrún Halla er 22 ára lögfræðinemi við HÍ. Hún er því löglega ljóshærð og löguleg.



**LARAGIDA.MINNSIRKUS.IS** Lára er 22 ára fallegur flakkari, sokkatýnari, slysagildra, leitari, glimmerelskandi súkkulaðifíkill og manneskjuskoðari.



**BRYNDISJ.MINNSIRKUS.IS** Bryndís er 22 ára einhleyp stelpa. Sölumaður í banka, félagsfræðinemi og leikari í Stúdentaleikhúsinu. Hún segist einnig vinna við að gleðja aðra.



**ELLENERLA.MINNSIRKUS.IS** Ellen Erla er 18 ára nemi í Húsmæðraskólanum á Hallormsstað. Hún er sæt og svo kann hún að elda mat og sauma lín.



**MISSALAVIS.MINNSIRKUS.IS** Tinna Alavis er módel sem vinnur í Landsbankanum. Þessi þekkta fyrirsæta lætur sig ekki vanta á minnsirkus.is og geislar þar sem aldrei fyrr.



**HALLDORAMARIA.MINNSIRKUS.IS** Halldóra María er 27 og sæt. Hún svarar því ekki hver hún er heldur spyr hvort fólk viti ekki hver hún var. Jú, gellan sem var með Mótor á Skjá 1.



Sirkusmynd - Heiða

**PÉTUR BJÖRGVIN SVEINSSON HEITIR MAGNAÐUR 19 ÁRA KÓPAVOGSBÚI. HANN ER NÝKJÖRINN FORMAÐUR NEMENDAMÓTSNEFNDAR VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS. SIRKUS RVK HAFÐI SAMBAND VIÐ EINA SAMKYNHNEIGÐA KARLMANN VERSLÓ OG RÆDDI VIÐ HANN UM VERKEFNIN SEM HANS BÍÐA Í STJÓRN NFVÍ OG SKÁPINN FRÆGA.**

# EINI HOMMINN Í VERSLÓ

„Ég er auðvitað bara mjög ánægður með að hafa unnið þetta. Kosningaþáttakan var góð og ég fékk tæpan helming atkvæða,“ segir Pétur Björgvin Sveinsson, eða Pitti eins og hann er kallaður, nýkjörinn formaður nemendamótsnefndar Verzlunarskóla Íslands. Pitti sigraði þær Evu Halldóru Guðmundsdóttur og Brynju Skjaldardóttur og fékk tæplega helming atkvæða eins og áður segir.

Starf formanns nemendamótsnefndar er afar krefjandi en Pitti hlakkar til. „Ég held að mér hafi alltaf liðið bara nokkuð vel undir álagi og því óttast ég ekkert smá álag það er bara skemmtilegt.“

**Hvað er svona eftirsóknarvert við að komast í nefndir og ráð í Versló?** „Þetta er bara svo ótrúlega skemmtilegt og til marks um það þá hafa aldrei fleiri boðið sig fram í kosningum innan skólans en í ár,“ segir Pitti sem ákvað að fara í framboð í byrjun árs og hefur unnið hörðum höndum að framboðinu allt frá þeim tíma ásamt kosningastjóra og stuðningsmönnum.

Á unglingsárunum var Pitti efnilegur knattspyrnumaður og lék með sigursælum yngri flokkum HK í Kópavogi. Fyrir rúmu ári kom Pitti út úr skápnum víðfræga.

Blaðamaður stóðst ekki mátið og spurði Pitta hvernig strákarnir í boltanum hefðu tekið ákvörðun hans að gera samkynhneigð sína opinbera. „Það var bara ekkert mál. Líklega er ég betri vinur þessara stráka en ég var fyrir. Þeir sýndu þessu mikinn skilning enda algjörir toppnáungar og í raun var þeim alveg sama,“ segir Pitti sem lagði skóna á hilluna fyrir hálfu ári.

**En var ekkert erfiðara að tjá íhaldsömum verslingum fyrir kynhneigð þinni?** „Nei það var heldur ekkert mál. Þeir sem eiga eitthvað erfitt með að samþykkja svona hluti eiga flestir við einhver vandamál að stríða sjálfir.“

**Ert þú eini hominn í Versló?** Ég er alla vegna sá eini sem er kominn út úr skápnum,“ segir nýr formaður og hlær ásamt vinkonu sinni sem var með honum í för.

Hvað á svo að gera í framtíðinni? „Ég vil helst starfa við eitthvað tengt markaðsmálum eða almannatengslum, það á best við mig, held ég. Ég verð að minnsta kosti ekki læknir eða lögfræðingur.“

HH

# 5 BESTU NEMENDAMÓTSSÝNINGARNAR AÐ MATI PITTA

## 1. THRILLER



„Flott og töff sýning. Einfaldlega sú besta sem ég hef séð.“

## 2. WAKE ME UP



„Frábær sýning með mjög skemmtilegum lögum.“

## 3. Á TJÁ OG TUNDRI



„Skemmtileg sýning sem hafði allt.“

## 4. CATS



„Ég var mjög ungur þegar þessi sýning var en ég man bara að mér fannst hún alveg frábær.“

## 5. MADE IN USA



„Litrík og skemmtileg sýning í alla staði.“

## SIRKUS KANNAR MARKAÐINN 10 HEITIR Á MINNSIRKUS.IS



**VALURHRAFN.MINNSIRKUS.IS** Valur Hrafn er sætur einhleypur strákur. 24 ára og vinsæll á minnsirkus.



**COCKSLAVE.MINNSIRKUS.IS** Hann er dulur, gefur ekki annað upp en að hann sé 21 árs og einhleypur. Kannski þess vegna sem hann á bara einn vin.



**TIVOLI.MINNSIRKUS.IS** Tivoli er 22 ára einhleypur strákur sem tekur að sér hvað sem er, hvenær sem er.



**ARI.MINNSIRKUS.IS** Ari er átján ára nemi og bónARI. Sætur strákur með húmorinn í lagi.



**KRISTJAN.MINNSIRKUS.IS** Kristján er 23 ára fýr sem vinnur hjá Frjálsa. Hann segist sambræðingur af Héðni Gils og Doritt Moussaieff. Góð blanda.



**GUZTI.MINNSIRKUS.IS** Guzti er 27 ára tónlistarframleiðandi og viðskiptafræðingur. Hann er sá sem heldur áfram þegar allir eru farnir heim.



**GUMMON.MINNSIRKUS.IS** Gummon er 20 ára strákur sem vinnur í Vatnsvirkjanum á Smiðjuvegi og á Sólon um helgar.



**ANDRIM.MINNSIRKUS.IS** Þessi strákur er ungur og efnilegur á markaðnum. Aðeins sautján ára og sætur. Er að koma sterkur inn.



**HARRYSAMPSTED.MINNSIRKUS.IS** Harry er 25 ára bílasali sem segist vera „fáránlegur gæi, með ekkert eðlilega fyndinn húmor“.



**OLISTEPH.MINNSIRKUS.IS** Óli Steph er 28 ára dulafullur og dísætur starfsmaður hjá OgVodafone.

nýir tímar | ný vefverslun | traustur grunnur

# VERSLAÐU Á NETINU

www.byko.is



## BYKO hefur verið leiðandi í meira en 40 ár



Vinnur þú?

Grill að verðmæti

279.000 kr.

### Þú getur unnið glæsilegasta grill landsins

BYKO bætir nú þjónustu sína enn frekar og hefur opnað eina glæsilegustu VEFVERSLUN á Íslandi. VEFVERSLUN BYKO er einfaldur og notendavænn vefur, byggður upp á þeim trausta grunni sem BYKO byggir á. Nú getur þú verslað þegar þér hentar og færð vöruna senda til þín.

Taktu þátt í skemmtilegum vefleik þar sem þú getur unnið glæsilegasta gasgrill á Íslandi. Það eina sem þú þarft að gera er að skrá netfangið þitt á VEFVERSLUN BYKO og þú gætir dottið í lukkupottinn.

BYKO

# HVAÐ HEITA ÞAU EIGINLEGA?

**Í HOLLYWOOD FINNST VART SÚ STJARNA SEM NOTAR SITT RÉTTA NAFN SEM LISTAMANNSNAFN. ENDA ER ÞAÐ EKKI ÖLLUM GEFIÐ AÐ FÆÐAST MEÐ NAFN STÓRSTJÖRNU. NAFNIÐ SKIPTIR LÍKA MIKLU MÁLI EF ÞÚ ÆTLAR AÐ NÁ LANGT OG MYNDI SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR SEINT VERÐA FRÆG ÚT Á NAFNIÐ, ÞVÍ SÍÐUR GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON. ÞETTA VITA FRÆGIR ÍSLENDINGAR.**



## BREYTT UPPRÖÐUN

Fréttakonan geðþekka **Eva Bergþóra Guðbergsdóttir** breytti uppröðuninni á nöfnum sínum áður en hún varð sjónvarpsstjarna. Hún heitir Bergþóra Eva Guðbergsdóttir sem er óþjálla en Eva Bergþóra.



## LÍNAN Í MIÐJUNNI

Hinn forkunnarfagri og skeleggi **Helgi Seljan** sem er einn umsjónarmanna Íslands í dag var skírður **Georg Helgi Seljan Jóhannsson.** Hann fór að ráðum Flosa Ólafssonar sem kenndi fólki svo eftirminnilega að hringja á leigubíl á sínum tíma og valdi línuna í miðjunni. Leigubíll Georgs Helga skilaði honum á skjáinn þar sem hann blómstrar undir nafninu Helgi Seljan.



## LISAMANNSNAFN LJÓÐSKÁLDSINS

Hvert íslenskt mannsbarn þekkir Sigmund Erni Rúnarsson fréttastjóra NFS. Oftast er talað um hann sem Sigmund Erni. Hann heitir hins vegar ekki Sigmundur Ernir heldur bara Sigmundur. Hann tók upp millinafnið Ernir á sínum tíma þegar hann ákvað að gerast ljóðskáld.



## DOKTORINN

**Dr. Gunni** er þjóðþekktur tónlistarspekúlant og almennur álitsgjafi. Hans rétta nafn er **Gunnar Lárus Hjálmarsson** og væri hann jafnvel kallaður Gunni Lalli ef Dr. forskeytið hefði aldrei komið til.



## ÞETTA JOÐ, ÞETTA JOÐ

Þorsteinn J. Vilhjálmsson er þekktur fjölmiðlamaður. Þetta líf, þetta líf. J-ið í nafni hans stendur fyrir Jens. Hann heitir því Þorsteinn Jens Vilhjálmsson. Þetta J hefur þó orðið einkenni nafns hans og er oft skrifað sem Joð. Þetta Joð, þetta Joð.



## SKALLAGRÍMUR OG SCHWARZENEGGER

Gillzenegger heitir réttu nafni Egill Einarsson. Það nafn er að vísu grjóthart enda nafni hans Skallagrímsson einn sá öflugsasti sem sögur fara af. Gillzenegger er hins vegar vísun í Schwarzenegger sem gæti léttilega lamið Egil Skallagríms.



## PARTÝ SCHRÖDER

PartýHans sló í gegn í þáttunum Kallarnir á Sirkus. Það eru margir sem velta fyrir sér hvað þessi sólbrúni og massaði vinur Gillzeneggers heitir í raun og veru. Sirkus hefur svarið við því: **Jóhann Ólafur Schröder.**



## EKKI LAXNESS

Rapparinn geðþekki Dóri DNA er eins og flestir vita barnabarn Halldórs heitins Laxness. Margir halda að hann sjálfur heiti Halldór Laxness en það er ekki rétt. Hann heitir Halldór Halldórsson. Laxness kemur þessu máli bara ekkert við.



## ÁSI KRISTINS

Bubbi Morthens er maður sem óþarfi er að kynna. Við sjáum hann hvert föstudagskvöld nota efsta stig lýsingarorða í óhóflegu magni í Idol stjörnuleit. Hann heitir Ásbjörn Kristinsson Morthens. Hefði sennilega seint meikað það undir nafninu Ási Kristins.



## INGIBJÖRG FRÁTEKIÐ

Inga Lind hefur undanfarin ár stimplað sig inn sem ein besta sjónvarpskona landsins. Hún heitir hins vegar ekki Inga Lind, heldur Ingibjörg Lind. Nafnið Inga Lind er vænlegra til árangurs enda Ingibjörg frátekið fyrir Ingibjörgu Sólrúnu.



## ÞAÐ HEITIR ENGINN 3000

Útvarpspáfuglinn Þröstur 3000 heitir vitaskuld ekki Þröstur 3000. Hans rétta nafn er Þröstur Gestsson sem myndi aldrei ganga upp á FM957.



## LENGSTA NAFN Í HEIMI

Krummi í Mínus ber langt nafn þar sem Krummi kemur hvergi fram. Hann heitir **Oddur Hrafn Stefán Björgvinsson**. Hann hefur tekið Hrafninn út, breytt í Krumma og meikað það svo.



## Í KLÚBB MEÐ KRISTJÁNI JÓHANNS

Frosti, félagi Krumma í Mínus, heitir fullu nafni Kristján Frosti Logason. Frosti er mun rokkaðra nafn og láir honum enginn að nota það frekar. Annars gæti hann verið flokkaður með Kristjáni Jóhannssyni stórtenór.



## DADDI KALDALÓNS

Svali á FM heitir réttu nafni Sigvaldi Kaldalóns. Það sem færri vita er að Svali var kallaður Daddi öll sín æskuár en tók upp nafnið Svali um svipað leyti og hann hóf störf í útvarpi.

**SKÓKEÐJAN ALDO HEFUR HRINT AF STAÐ HELJARINNAR HERFERÐ TIL STYRKTAR ALNÆMISSTAMTÖKUNUM. ALDO HEFUR STUTT VIÐ BAKIÐ Á SAMTÖKUNUM ALLT FRÁ ÁRINU 1985.**



# HEIMSFRÆGIR STYÐJA ALNÆMISSAMTÖK

„Aldo styrkir alnæmissamtökin með því að gefa út þessi hálsmen,“ segir Karen Ómarsdóttir, verslunarstjóri hjá Aldo í Kringlunni. Farin er í gang herferð um allan heim þar sem heimsfrægir einstaklingar auglýsa hálsmen til styrktar alnæmismituðum. Auglýsingarnar hafa vakið mikla athygli ytra. Herferðin er tiltölulega nýhafin hérlendis en Aldo hefur tekið þátt í baráttunni frá árinu 1985. „Þetta er að fara í gang, byrjaði fyrir tveimur vikum,“ segir Karen.



**KAREN ÓMARSDÓTTIR, VERSLUNARSTJÓRI Í ALDO Í KRINGLUNNI.**

### HEYRÐU TALAÐU OG SJÁÐU

Hálsmenin eiga að vekja athygli fólks á þeim stóra vanda sem alnæmi er í raun og veru. Fólk á til að loka augunum fyrir þessari vá sem sjúkdómurinn er. Yfirskrift herferðarinnar er: Hear, speak and see, eða heyrðu, talaðu og sjáðu. Hvert orð er letrað á hálsmenin í þeirri von að fólk hlusti þegar það heyrir af vandanum, tali um hann og loki ekki augunum fyrir honum.



**SÖNGKONAN PINK LÆTUR SITT EKKI EFTIR LIGGJA.**

### HEIMSFRÆGIR TAKA ÞÁTT

Það eru heimsfrægir aðilar sem taka þátt í þessari herferð. Sýna samstöðu í verki með hálsmen vafin um barkann. Meðal þeirra ber hæst að nefna Pink, Charlize Theron, Adrien Brody, Avril Lavigne, Ludacris, Bow Wow og fleiri góða. Hálsmenin eru seld sem fyrr segir í versluninni Aldo og kosta 690 krónur. Allt til styrktar góðs málefnis.




**CHARLIZE THERON LÆTUR FÓLK VITA AF SMITHÆTTUNNI.**




**HEYRÐU, TALAÐU OG SJÁÐU. HÁLSMENIN MEÐ ÁLETRUNINNI.**

# ÚTLAGINN




**ÖRN HUGSI Á SVIPINN Í KANADA.**

**HVAÐ HEITIRÐU?**
Örn Jónsson.

**HVAR ERTU?**
Kanada, St. Catherines.

**AF HVERJU?**
Er í framhaldsnámi.

**HEIMILISAÐSTÆÐUR?**
Bý með þremur stelpum og einum gaur í risastóru einbýlishúsi, alveg magnað.

**DAGUR Í LÍFI ÞÍNU?**
Vakna um 10, skellli mér í skólann á fína bílnum mínum, fer svo oftast í ræktina í hádeginu og skólann aftur. Síðan er ég kominn heim um fimmleytið og fæ mér að borða oft með krökkunum sem ég bý með og síðan skella menn sér út á skólabarinn.

**KOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í ST. CATHERINES Í KANADA?**
Fyrst og fremst hvað allt er mjög ódýrt.

**ÓKOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í ST. CATHERINES Í KANADA?**
Maður þarf að keyra í 10 minútur til að fara út í búð.

**HVERS SAKNARÐU AÐ HEIMAN?**
Mömmu og pabba, Siggu systur, Bælis, íslenska nammmisins og SSpulsunnar.

**UPPÁHALDSSTAÐUR Í ST. CATHERINES Í KANADA?**
Isaac's skólabarinn.

**ÍSLENDINGAR ERU…?**
Alltaf að flýta sér.

**KANADABÚAR ERU…?**
Mjög kurteisir og afslappaðir.

**EIN MANNESKJA SEM ÞÚ BIÐUR AÐ HEILSA?**
Sigga syss auðvitað.

# Arthúr

## VILLT HUGMYND




fjandinn.com/Arthur



SILVIA 明 星 NIGHT
SUPERSTAR
Nú getur þú fengið ATLAS kreditkort hjá öllum bönkum og sparisjóðum
HVÍTA HÚSIÐ / SÍA
ATLAS
MasterCard
Er í boði
ATLAS
5.000 kr. MasterCard ferðaávísun við stofnun korts. SMS með upplýsingum um stöðu og notkun kortsins. ATLAS fríðindahópur á atlaskort.is. Víðtækar ferðatryggingar og neyðarþjónusta á ferðalögum erlendis. Nánari upplýsingar á atlaskort.is og í síma 550 1500.
KB BANKI
GLITNIR
Landsbankinn
spron
SPARISJÓÐURINN
FARÐU ALLA LEIÐ

# HVERNIG TÝPA Á HEIMA HÉR?

## SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN



SIRKUSMYNDIR: HEIÐA.IS

**SIRKUS RVK ELSKAR AÐ FÁ AÐ KÍKJA INN TIL FÓLKSINS Í LANDINU, ÞAÐ ER VANALEGA FORVITNILEGT OG SPENNANDI AÐ SJÁ HVAÐ ÁLITSGJAFINN GETUR OG HVERNIG HEIMILI FÓLKS ERU. AÐ ÞESSU SINNI FENGUM VIÐ AÐ SJÁ INN TIL ELVU OG EGILS, EIGANDA SECOND HAND VERSLUNINNAR GLAMÚR Á SKÓLAVÖRÐUSTÍG. ÁLITSGJAFINN VAR ENGINN ANNAR EN ÞULAN OKKAR GÓÐA HÚN ELLÝ ÁRMANNSDÓTTIR OG GAT HÚN SÉR ÁGÆTLEGA TIL UM ÍBÚANA.**

„Ég er soldið svona 70'tís, það er svona „fifty/fifty" dýrt og ódýrt heima hjá mér," segir Elva, eigandi verslunarinnar Glamúr á Skólavörðustíg. „Þetta er svona í bland gamalt og nýtt, það er eitt úr Habitat og annað úr Góða hirðinum. Við fluttum inn í desember og erum bara ennþá að koma okkur fyrir, þetta kemur svona smátt og smátt hjá okkur. Ég og maðurinn minn vorum að kaupa saman, ég er gift kona," segir Elva og skellir upp úr. „Okkur vantaði stóra og fína íbúð og þessi var akkúrat það sem við vorum að leita að. Við vorum áður á Lokastíg og fílum alveg rosalega vel að vera niðri í bæ en svo fluttum við okkur yfir á Grettisgötuna. Held að íbúðin hafi verið byggð 1998, við vorum í íbúð þar sem við þurftum að taka klóakið í gegn, þakið fór og við erum bara alveg búin að fá ógeð á svoleiðis. Við vildum ekki meira þannig. Innréttingarnar eru frekar nýjar en það er kannski meira minn stíll að hafa gamalt en það er allt nýtt í þessari. Við blöndum þá bara meira gamalt og nýtt, baðið og eldhúsið er mjög nýtískulegt kannski ekki alveg minn stíll," segir Elva, annar eigandi second hand verslunarinnar Glamúr.



## ÞETTA SAGÐI ELLÝ

### ELDHÚSIÐ

Eldhúsið þeirra er örugglega miðpunktur heimilisins. Þau elda pottþétt alla daga góðan mat og þá saman á milli þess sem þau elskast á eyjunni þarna í miðið. Þarna er nettengd tölva á borðinu þannig að þau kjósa alltaf að vera online.



### FATAHERBERGIÐ

Konan sem býr þarna er tískudrottning og notar flott notuð föt. Hins vegar geymir hann jakkafötin sem hann notar í vinnunni í skápnum. Hvaða fólk er um að ræða hef ég ekki hugmynd um. Nema að hún eyðir töluvert af launum sínum í flotta lampa, föt, töskur, skemmtanir og gourmet mat. Þau eru örugglega nýútskrifuð eða nýbúin að kaupa íbúðina. Konan á eftir að láta smíða fataskáp í kringum fötin og aukahlutina sem hún safnar nánast.



### BORÐSTOFAN/STOFAN

Svakalega rómantískt og ástríðufullt. Mikill og jákvæður ákafi er eflaust í samskiptum þeirra ef marka má litinn á sófanum. Rauður segir til um hugrekki og kjark að ég held.
Brúni liturinn er líka áberandi í íbúðinni. Brúni liturinn segir til um hagsýni og það á örugglega vel við manninn. Hann vill öryggi og jafnvægi á heimilinu en leyfir henni að eyða í það sem hún þarfnast. Brúnn litur segir til um þroska og viljann að skara fram úr.






### STOFAN

Held að hér búi fólk sem er 26–30 ára. Engin börn á þessu heimili. Engin leikföng og allt í standi. Kósí og stílhrein íbúð. Hér býr örugglega fólk sem er háskólagengið og vinnur langan vinnudag frá níu til fimm og vill þar af leiðandi hafa það æðislega gott þegar heim kemur. Hér er flottur arinn. Það finnst mér ferlega kósí. Þau kela örugglega og elskast á hverju kvöldi í rauða sófanum í stofunni eftir að maðurinn spilar fyrir hana á gítarinn.



VIÐ BJÓÐUM FULLT AF FÓLKI Á
ROSKILDE FESTIVAL '06
29. JÚNÍ - 2. JÚLÍ
SMS LEIKUR
ÞÚ SENDIR SMS SKEYTIÐ JA SRS Á NÚMERIÐ 1900.
ÞÚ SVARAR SPURNINGU UM ROSKILDE FESTIVAL. ÞÚ GÆTIR KOMIST TIL ROSKILDE!
VINNINGAR VERÐA AFHENDIR HJÁ BT SMÁRALIND. KÓPAVOGI. MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT ERTU KOMINN Í SMS KLÚBB. 99 KR/SKEYTIÐ. ÞÚ FÆR 5.MÍN TIL AÐ SVARA SPURNINGU.
AÐALVINNINGUR ER FLUG OG MIÐAR Á ROSKILDE FESTIVAL FYRIR FJÓRA
AUKAVINNINGAR ERU: FLUG OG MIÐI FYRIR TVO Á ROSKILDE • MIÐAR FYRIR TVO Á ROSKILDE • GJAFABRÉF FRÁ TÓNLIST.IS • FULLT AF TUBORG • DVD MYNDIR FRÁ HÁTÍÐINNI 2005 • FULLT AF GOSI • VARNINGUR TENGDUR ROSKILDE FESTIVAL • FULLT AF ÖÐRUM DVD MYNDUM OG GEILSADISKUM OG MARGT FLEIRA!
11.HVER VINNUR
AÐALVINNINGUR DREGINN ÚT Í BEINNI Á X-INU!
TUBORG
TUBORG
NJÓTTU LÍFSINS TIL FULLS
X 97·7
D3 MOBILE
TONLIST.IS





## SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA

# SKARI TNT VS. DR. GUNNI

**ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ ÚRSLITUM Í SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA. ÞEIR BESTU ERU MÆTTIR. ORÐ ERU ÓÞÖRF. SKARI TNT GEGN DR.GUNNA, GJÖRIÐ SVO VEL.**



1



2

**1. SIGMAR VILHJÁLMSSON BYRJAÐI FERIL SINN Á ÚTVARPSSTÖÐINNI MONO, EN HVER VAR BYLGJUTÍÐNI HENNAR?**
Skari TNT: 87,7.
Dr. Gunni: 89,5.

**2. HVAÐ HÉT ÍÞRÓTTAKONAN ÓVIÐJAFNANLEGA, SEM HELGA BRAGA TÚLKAÐI Í ÞÁTTUNUM FÓSTBRÆÐUR?**
Skari TNT: Gyða Sól auðvitað.
Dr. Gunni: Ég man það ekki.

**3. HEFUR DAVID CARUSO LEIKIÐ Í BATMAN-MYND?**
Skari TNT: Nei.
Dr. Gunni: Nei.

**4. FYRIR HVAÐA SKÓLA SÖNG ÁGÚSTA EVA ERLENDSDÓTTIR Í SÖNGVAKEPPNI FRAMHALDSSKÓLANNA ÁRIÐ 1999?**
Skari TNT: MK.
Dr. Gunni: MK.

**5. GETURÐU NEFNT TVO FASTRÁÐNA STARFSMENN Á NFS SEM ERU RAUÐHÆRÐIR?**
Skari TNT: Þorfinnur Ómarsson og Egill Helgason.
Dr. Gunni: Sveinn Guðmarsson og Þorfinnur Ómarsson.

**6. ÚR HVAÐA HVERFI ER JÓN GNARR? A) BREIÐHOLTI, B) ÁRBÆ, C) BÚSTAÐAHVERFI, EÐA D) VESTURBÆNUM.**
Skari TNT: Bústaðahverfi.
Dr. Gunni: Bústaðahverfi.

**7. HVAÐ HEITA DÆTUR SOPHIU HANSEN SEM NÚ ERU BÚSETTAR Í TYRKLANDI?**
Skari TNT: Dagbjört og andsk., man ekki hina.*
Dr. Gunni: Rúna og Dagmar?*

**8. FYRIR HVAÐ STENDUR JOÐ-IÐ Í STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON?**
Skari TNT: Jónas.
Dr. Gunni: Jóhann.

**9. HVAÐA LITIR ERU Í ÍRSKA FÁNANUM?**
Skari TNT: Grænn, hvítur og appelsínugulur.
Dr. Gunni: Grænn, hvítur og appelsínugulur.

**10. Á HVAÐA HLJÓÐFÆRI LEIKUR ADDI FANNAR SKÍTAMÓRALSMEÐLIMUR?**
Skari TNT: Gítar.
Dr. Gunni: Gítar.

* hálft stig.



Skari TNT er gáfaðasti rauðhærði einstaklingur landsins. Hann sigraði Dr. Gunna, „gáfaðasta fjölmiðlamann landsins“ með 8 1/2 stigi gegn 7 1/2. Sirkus Rvk óskar Skara TNT til hamingju með sigurinn. Í næsta blaði verður ítarlegt viðtal við kappann þar sem honum verða veitt glæsileg verðlaun. Dr. Gunna er þökkuð þátttakan. Hann er gáfaðasti fjölmiðlamaðurinn og var hársbreidd frá sigri í þessari frábæru keppni.



5



7



10

### SVÖR:

1. 87,7. 2. Gyða Sól. 3. Nei. 4. MK. 5. Þorfinnur Ómarsson, Sveinn Guðmarsson, Egill Helgason og fleiri. 6. Bústaðahverfi. 7. Dagbjört og Rúna. 8. Jóhann. 9. Grænn, hvítur og appelsínugulur. 10. Gítar.

## TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS...



FELIX ÞARF AÐ BÆTA TALHÓLFIÐ SITT.



### SVEI ÞÉR!

Felix Bergsson hefur svohljóðandi talhólfskveðju.

*„Þetta er Felix. Get ekki tekið símann.“*

Þessi talhólfskveðja er eigandanum til háborinnar skammar. Það vantar alla stemningu í þetta hjá þessum ástsæla leikara og sjónvarpsmanni. Maður eins og Felix sem hefur leikið með miklum sóma í hverju leikverkinu á fætur öðru og stýrt sjónvarpsþáttum af stökustu prýði hefur ekki meiri döngun en svo að hann hrækir út úr sér óvandaðri talhólfskveðju. Svei þér Felix. Taktu þér tak og vertu almennilegur við fólkið sem hringir í þig.

★☆☆☆☆

## BLACKSTAR Í STÚDÍÓI

Eina íslenska gangstarapphljómsveitin, Blackstar er komin í stúdíó og er um þessar mundir að taka nýjan skít eins og Africa Child orðaði það.

„Það er kominn tími til að fleiri en einungis hlustendur X-FM fái að heyra skítinn okkar. Nýju lögin okkar eru betri en þau sem hafa heyrst áður frá okkur. Sérstaklega One Thing en það lag fjallar um að allir strákar vilja one thing og allar stelpur hafa one thing, ef þú veist hvað ég á við,“ segir African Child og hlær.



Í hljómsveitinni í dag eru aðeins þeir African Child og The Kid eftir, því Eddie Boy sem rappaði með þeim drengjum er í tímabundnu leyfi frá hljómsveitarstörfum.

## HEIMASÍÐA VIKUNNAR

### SPILAÐU FYRIR ÞINN KLÚBB

Heimasíða vikunnar er engan veginn ný af nálinni og eflaust flestir búnir að uppgötva hana. Slóðin er www.play4yourclub.com og á henni er leikur sem snýst í stuttu máli um að skjóta á mark og skora. Leikurinn er hættulega ávanabindandi og raunar er nánast vonlaust að hætta að spila leikinn þegar byrjað er á því yfir höfuð. Spilaðu fyrir þinn klúbb og gerðu mikið af því.



ÞÚ GETUR VERIÐ EIÐUR SMÁRI Í LEIKNUM.



HÆTTULEGA ÁVANABINDANDI LEIKUR.

## SIRKUSTVÍFARAR



HALLDÓR BRAGASON BLÚSARI.



JOHN LENNON HEITINN.

Tvífarar vikunnar eru báðir þrusumúsíkantar. Annars vegar er það John Lennon sem var myrtur í desember árið 1980. Hins vegar er það John Lennon okkar Íslendinga – Halldór Bragason í blúsbandinu Vinum Dóra. Hinn vinsæli Dóri og hinn liðni Lennon eru nauðalíkir í útliti. Fyrir utan þá staðreynd að þeir eru báðir með gleraugu hafa þeir svipað andlitsfall og augnsvipurinn áþekkur. Þessir merku tónlistarmenn eru smart tvífarar.


PÁSKALEIKUR
Þú sendir SMS skeytið BT SBT á númerið 1900. Þú færð spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið BT A, B eða C á númerið 1900.
5.hver vinnur!
NÓI SÍRÍUS
A - Fartölva
Dregin út 28.april
0kr
215.988
TOSHIBA SATELLITE P100-113
B - Tölva
Dregin út 21.april
0kr
119.988
MEDION V6 AMD64 3200+ og 19" TFT MEDION 8MS skjár
C - Heimabíó
+DVD pakki
Dregin út 12.april
0kr
67.588
Sony heimabíó + pakki af DVD
SMS LEIKUR
BT
Ótrúlegir vinningar!
*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum
Vinningar verða afhentir í BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið. Þú færð 5.mín til að svara spurningu.



ROKKAÐ FYRIR ALÞÝÐUNA.

# ALDREI FÓR ÉG SUÐUR

Tónlistarhátíðin Aldrei fór ég suður var haldin á Ísafirði um páskana. Það eru þeir feðgar Guðmundur Magnús Kristjánsson og Örn Elías Guðmundsson sem standa fyrir þessari hátíð sem nú var haldin í þriðja sinn. Örn Elías, betur þekktur sem Mugison, var ánægður að páskum loknum. „Þetta hefði ekki getað farið betur fram,“ segir hann. „Miðað við fjölda fólks sem mætti hingað er ótrúlegt hvað þetta fór vel fram. Engin slagsmál eða neitt svoleiðis vesen.“ Nokkrir hljómsveitameðlimir ætluðu að fljúga vestur á Ísafjörð á föstudeginum en þá var ófært. Því var ákveðið að skjóta undir kappana rútu. „Við hóuðum í rútu því við sáum fram á að það yrði ekkert flogið. Við gáfum þeim svo bara plokkfisk og bjór þegar þau komu,“ segir Mugison. „Ég held að veðrið hafi annars bara verið mjög gott. Hérna á Ísafirði er fjöldi flugferða mælikvarði á gott veður og það flugu fjölmargar vélar hingað á laugardaginn.“ Mugison segir hátíðina alltaf verða betri og betri. „Þetta er skemmtilegasta hátíðin hingað til. Ég sá allt nema tvær hljómsveitir og þetta var algert eyrnakonfekt að mínu mati.“

*Ísfirðingar sáttir?*

„Ég vona það. Ég hef allavega ekki hitt neina fýlupúka ennþá.“



ÞAÐ VAR AÐEINS FENGIÐ SÉR.



SKÁL OG SYNGJUM.



DANCE THE NIGHT AWAY.



SKÁLDIN SKEMMTU SÉR.





ÁGÚST BOGASON Í JAN MAYEN.




JESÚS KRISTUR PLOKKAR BASSANN.

Sirkusmyndir - Hörður Sveinsson



Í RÉTTUM GÍR.



ÁSIÐ TIL
GNAÐAR.



ÐAN
AR.




PRUMP GÓÐUR Á ÞVÍ.



RA SÆTA
NG FALLEGA.



KÓNGURINN OG ÍSFIRÐINGURINN HELGI BJÖRNS TÓK LAGIÐ.



HLJÓMSVEITIN GESTIR SEM VAR STOFNUÐ ÁRIÐ 2002 OG HEFUR Æ SÍÐAN SANNAÐ SIG SEM EIN ATHYGLISVERÐASTA SVEITIN Í FÆREYSKU ROKKLÍFI.

**Á MORGUN VERÐUR FÆREYSKUR DAGUR Á NASA. ÞAR MUNU FJÖLMARGIR LISTAMENN STÍGA Á SVIÐ. SEX FÆREYSKIR FLYTJENDUR SÆKJA ÍSLAND HEIM OG ÍSLENSKA DIKTA SPILAR MEÐ.**

# FÆREYSKUR DAGUR OG DIKTA



NÚVERANDI LIÐSKIPAN ROKKSVEITARINNAR MARIUS HEFUR VERIÐ STARFANDI SÍÐAN SÍÐASTA HAUST. Í NÓVEMBER S.L. KOM SVEITIN, SÁ OG SIGRAÐI TÓNLISTARKEPPNINA GLOBAL BATTLE OF THE BANDS Í FÆREYJUM OG SPILAÐI Í FRAMHALDINU Á ALÞJÓÐLEGU ÚRSLITAKVÖLDI Í LONDON ASTORIA ÞAR SEM ÞEIR LENTU Í 6. SÆTI.

**„ÞAÐ ER ALLTAF VALIN EIN HLJÓMSVEIT TIL AÐ SPILA MEÐ OG AÐ ÞESSU SINNI ER ÞAÐ HLJÓMSVEITIN DIKTA SEM ER GESTAHLJÓMSVEITIN.“**

„Þetta er núna á laugardaginn og sex færeyskir flytjendur koma til landsins,“ segir Ásgeir Eyþórsson tengiliður hátíðarinnar. „Hátíðin heitir Atlantic Music Event eða AME. Þetta hefur verið í Færeyjum og svo hefur hátíðin líka verið haldin tvisvar í Danmörku. Þeir hafa fyllt skemmtistaðinn Vega tvisvar sinnum og það má segja að þetta sé tilraun Færeyinga til að koma tónlist sinni á framfæri og leyfa öðrum að njóta. AME- hátíðirnar, sem fóru fram í Vega tónlistarhöllinni í Kaupmannahöfn, hafa fært færeyskum tónlistarmönnum fjölmörg tækifæri til útrásar sem hefur leitt til útgáfusamninga víðsvegar um Evrópu,“ segir Ásgeir um tvær síðustu hátíðirnar.



LENA ANDERSSEN ER 27 ÁRA FÆREYSK/KANADÍSK SÖNGKONA OG LAGASMIÐUR. LENA FÆDDIST Í FÆREYJUM EN ÓLST UPP Í HEIMALANDI FÖÐUR SÍNS, KANADA, FRÁ 2JA ÁRA ALDRI.

### DIKTA SPILAR MEÐ

„Þeir hafa verið að ná ágætis árangri með þessari hátíð,“ segir Ásgeir um framgang hátíðarinnar. „Það er alltaf valin ein hljómsveit til að spila með og að þessu sinni er það hljómsveitin Dikta sem er gestahljómsveitin. Dikta verður líklega að spila í Færeyjum í sumar svo að þetta passar allt ágætlega saman. Frodi Vestergaard, sem er skipuleggjandi hátíðarinnar, sá Diktu spila og var svona líka ánægður með bandið. Frodi Vestergaard vinnur í Norðurlandahúsinu sem er Norræna húsið í Færeyjum og valdi Diktu þegar þeir komu til landsins um daginn. Þetta er fyrsta AME-hátíðin hér á landi og skartar hún þeim Högna Lisberg, Gestum, Déjà Vu, Makrel, Marius og Lenu,“ segir Ásgeir, að vonum spenntur.





ÁRI ROCH, SÖNGVARI MAKRELS. MAKREL HEFUR VERIÐ STARFANDI FRÁ ÁRINU 1996. ÁRIÐ 2002 TÓK SVEITIN ÞÁTT Í MÚSIKTILRAUNUM TÓNABÆJAR OG LENTI Í ÞRIÐJA SÆTI Á EFTIR BÚDRÝGINDUM OG ÓKIND.

### DÉJÁ VU Í HELJARINNAR FERÐALAG

„Hátíðin hefur tvisvar verið haldin fyrir utan landsteina Færeyja og nú er hún haldin hér. Stefnan er að gera Atlantic Music Event að árlegum viðburði í tónlistarlífi Íslendinga,“ segir Ásgeir um framgang hátíðarinnar. „Déjà Vu meðlimir komu á þriðjudaginn en þeir ætla að gera sér smá ferð úr þessu og skemmta landsmönnum víða um land. Þeir ætla að spila á Akureyri, í Keflavík og á nokkrum öðrum stöðum en verða svo á Grand Rokk á föstudaginn að hita sig upp fyrir aðalkvöldið sem er á Nasa á laugardagskvöldið,“ segir Ásgeir hress í bragði.

*SEJ*

# ROBBIE AFTUR Í TAKE THAT



ROBBIE WILLIAMS ER EITT AV HEIMSINS STØRSTU TÓNLEIKANØVNUM, HINIR Í TAKE THAT ERU ALLIR FYRRVERANDI POPPSTJØRNIR.



TAKE THAT DRENGJABÓLKURINN.

Kanskað verður Robbie Williams við, tá Take That fara á pallin í Manchester á síni comeback konsertferð. Meðan hinir limirnir í Take That hava havt heldur ivasamar yrkisleiðir sum einstaklingar, er yngsti limurin í dreingjabólkinum Robbie Williams ein av heimsins størstu stjørnum. Robbie fór úr bólkinum, áðrenn hinir, og ikki alt, ið var sagt millum partarnar tá, var líka pent. Tí hevur eingin veruliga roknað við, at Robbie Williams fór at luttaka á konsertferðini hjá endurstovnaða dreingjabólkinum.

Men nú sigur ein kelda, ið er nær Robbie Williams við bretska tíðindablaðið The Sun, at Robbie hevur lovað at luttaka á konsertini hjá Take That í Manchester. Keldan sigur somuleiðis, at partur av avtaluni er, at Take That ikki boða miðlunum frá hesum.




**HREFNA HENNY VÍKINGUR**
**Fyrsta skiptið var…** Hræðilegt.
**Hver er flottastur?** Kærastinn minn hann Gísli.
**Draumadagurinn?** Vakna réttum megin og skella sér út til Tælands.




**VILBORG ÞÓREY STYRKÁRSDÓTTIR**
**Uppáhaldssjónvarpsefnið?** Það er Discovery.
**Hinn fullkomni maður er…** Einhver sem maður vonast alltaf til að finna. Einhver sem gerir mann að betri manneskju.
**Ef þú þyrftir að gera kynlífsmyndband með einhverjum þekktum, hver yrði fyrir valinu?** Johnny Depp.

## VELDU ÞÍNA PRINSESSU

- ✔ SENDU SMS OG VELDU ÞÍNA PRAVDAPRINSESSU
- ✔ ÞÚ SENDIR SMSIÐ JA „NR" Á SÍMANÚMERIÐ 1900.
- ✔ EF ÞÚ VILT TIL DÆMIS GEFA STELPU NR 2 ÞITT ATKVÆÐI SENDIR ÞÚ SMS-SKEYTIÐ JA 2.
- ✔ MEÐ ÞVÍ AÐ TAKA ÞÁTT Í VALINU GETUR ÞÚ UNNIÐ FÖTU AF SMIRNOFF ICE Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA
- ✔ 99KR SMSIÐ




**DÓRA SJÖFN ELLERTSDÓTTIR**
**Hver er fyndnastur?** Það er Adam Sandler.
**Fyrsta skiptið var…** Hvaða fyrsta skipti?
**Hvernig er draumaprinsinn?** Fyndinn og hreinskilinn. Hann má líka vera myndarlegur.




**ALDA MARÍA LORD**
**Hver er flottastur?** Óli Geir.
**Ef þú þyrftir að gera kynlífsmyndband með einhverjum þekktum, hver yrði fyrir valinu?** Orlando Bloom.
**Flottasti líkamshlutinn þinn?** Brjóstin á mér.

# PRAVDAPRINSESSAN

Í SAMSTARFI VIÐ ICELAND EXPRESS, SÓLBAÐSSTOFUNA SMART OG SMIRNOFF STENDUR PRAVDA FYRIR KEPNINNI PRAVDAPRINSESSAN 2006. HALDNAR VERÐA ÁTTA UNDANKEPPNIR, EIN Í HVERJU BLAÐI, OG ER ÞESSI NÚMER ÞRJÚ. SIGURVEGARINN ÚR HVERRI KEPPNI FER Í LOKAKEPPNI ÞAR SEM FERÐ FYRIR TVO TIL EVRÓPU Í BOÐI ICELAND EXPRESS ER Í AÐALVERÐLAUN.

STELPURNAR Í KEPPNINNI ERU VALDAR Á LAUGARDAGSKVÖLDUM Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA. FJÓRAR ERU MYNDAÐAR Á HVERJU KVÖLDI OG ÞÆR KEPPA SÍÐAN Í NÆSTA TÖLUBLAÐI SIRKUSS. SÚ SEM FER ÁFRAM Í HVERT SKIPTI FÆR AÐ LAUNUM FIMM TÍMA LJÓSAKORT HJÁ SÓLBAÐSTOFUNNI SMART AUK 10 ÞÚSUND KRÓNA INNEIGNAR Á SKEMMTISTAÐNUM PRAVDA. KJÓSTU ÞÍNA UPPÁHALDSSTÚLKU.



**THORLACIUS SIGRAÐI**
Elísabet Thorlacius bar sigur úr býtum í annarri undankeppninni og fær hún að launum fimm tíma ljósakort frá sólbaðsstofunni Smart auk 10 þúsund króna inneignar á skemmtistaðnum Pravda.

Myndver.is
PRAVDA CLUB / BAR
Iceland Express
smart sólbaðstofa

# NEW YORK TASKA OG DONNA KAREN GLERAUGU

„Það er allt á fullu hjá mér í þessum mánuði," segir söngkonan Ragnheiður Gröndal. „Á sumardaginn fyrsta kem ég fram ásamt Hauki Gröndal á Jazzhátíð í Garðabæ og 27. og 28. apríl syng ég með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói. Það er líka plata í undirbúningi en hún verður tekin upp í sumar. Þetta eru mestmegnis íslensk þjóðlög í nýjum útsetningum og er afar spennandi verkefni að fást við," segir Ragnheiður sem hefur í nógu að snúast.



**KOMDU OG SKOÐAÐU Í KISTUNA MÍNA**

„SKÓRNIR ERU Í MIKLU UPPÁHALDI ÞESSA DAGANA EN ÉG FÉKK ÞÁ Í OZIO Á LAUGAVEGINUM," SEGIR RAGNHEIÐUR SEM VERSLAR MIKIÐ Í OZIO.



„BOLURINN ER ÚR JÚNÍFORM EN ÉG VAR Í HONUM ÞEGAR ÉG HITAÐI UPP FYRIR KATIE MELUA Í LAUGARDALSHÖLL 31. MARS SL. ÉG Á ÖRUGGLEGA EFTIR AÐ NOTA HANN MIKIÐ Í FRAMTÍÐINNI," SEGIR RAGNHEIÐUR ÁNÆGÐ MEÐ JÚNÍFORM.



„SVO ERU ÞAÐ GLERAUGUN EN MÁLIÐ ER AÐ ÉG VAR FARIN AÐ SJÁ SVO HRIKALEGA ILLA LANGT FRÁ MÉR AÐ ÉG DREIF MIG TIL AUGNLÆKNIS OG KEYPTI MÉR ÞESSI LÍKA FÍNU DONNA KAREN-GLERAUGU. ÞETTA ER BARA ALLT ANNAÐ LÍF," SEGIR RAGNHEIÐUR OG SKELLIR UPP ÚR.




„UNDANFARIÐ HEF ÉG VERIÐ AÐ HLUSTA MIKIÐ Á NÝJA DISKINN HENNAR KATE BUSH OG „GOLDBERG VARIATIONS" EFTIR BACH," SEGIR SÖNGKONAN SEM UPPGÖTVAÐI KATE BUSH FYRIR UM TVEIMUR ÁRUM.



„MAMMA KEYPTI SVO ÞESSA KISUTÖSKU Í GLASGOW UM DAGINN OG GAF MÉR HANA TIL AÐ GEYMA NÓTURNAR MÍNAR Í," SEGIR RAGNHEIÐUR, ÁNÆGÐ MEÐ MÚTTU SÍNA.



„MARILYN MONROE-TASKAN ER MIKIÐ NOTUÐ UM ÞESSAR MUNDIR EN ÉG KEYPTI HANA AF GÖTUSALA Í NEW YORK. ÉG FÓR ÞANGAÐ Í FYRSTA SKIPTI UM DAGINN OG ÞREYTTI INNTÖKUPRÓF Í SKÓLA Á MANHATTAN AUK ÞESS AÐ SKEMMTA MÉR OG SKOÐA MIG UM," SEGIR RAGNHEIÐUR SEM FLYTUR TIL BORGARINNAR Í HAUST.

## SIRKUS RVK ÓSKAR SÉR

ÞAÐ ER ALLTAF HÆGT AÐ FINNA EITTHVAÐ SEM MANN VANTAR EÐA LANGAR Í OG ÞVÍ FÓR SIRKUS RVK Á STÚFANA OG FANN 6 FALLEGA HLUTI SEM ERU Á ÓSKALISTANUM ÞESSA DAGANA




GREEN TEA Í FLOTTUM UMBÚÐUM, VIRKILEGA GOTT Á 1.720. FÆST Í CAFÉ KONDITORI COPENHAGEN.



STRIGASKÓRNIR VINSÆLU Á EINUNGIS 4.990 KR. Í FOCUS Í KRINGLUNNI.



SKEMMTILEGIR SEGLAR ÚR AHA Í KRINGLUNNI Á EINUNGIS 179 KR.



SVÍNARYKSUGA SEM ALLIR ÞURFA, BORÐRYKSUGA 299 KR. Í DEBENHAMS Í SMÁRALINDINNI.



FLOTTIR AUKAHLUTIR OG AÐ ÞESSU SINNI ERU ÞAÐ BELTI SEM HUGURINN GIRNIST FRÁ 1.990 KR. TIL 3.790 KR. ÚR VERO MODA



ÞAÐ MÁ EKKI GLEYMA ÞEIM MINNSTU SEM AÐ ÞESSU SINNI ERU GÆLUDÝRIN. SKEMMTILEG LEIKFÖNG ÚR DEBENHAMS Á 299 KR.

GARÐBÆINGAR STANDA FYRIR MIKILLI HÁTÍÐ UM HELGINA

# JAZZINN DUNAR



SNORRI TEKUR LAGIÐ UM HELGINA.

Jazzhátíð Garðabæjar hófst í gær Sumardaginn fyrsta og fluttu meðal annars systkinin Ragnheiður Gröndal og Haukur Gröndal íslensk þjóðlög við mikinn fögnuð. Í gær var sumardagurinn tekinn með trompi og boðið var upp á skátakaffi og skátamessu en það var ekki bara söngur systkinanna sem vakti athygli heldur var Snorri Idol-stjarnan okkar í góðu stuði. Dagurinn í dag, föstudagurinn er dagur gítarsins og hefjast tónleikar klukkan 20:00, þar mun Hilmar Jensson halda sólótónleika af mikilli einbeitni og fleiri betur þekktir tónlistarmenn munu slá á létta strengi. Hátíðinni lýkur á morgun með öllu tilheyrandi og því er um að gera að kíkja við og leyfa tónapúkanum að stíga villtan dans og gera sér ferð til Garðabæjar og vera ferðalangur á heimaslóð.

JAZZINN Í GARÐABÆ



Sirkusmynd - Sigurður Jökull




www.minnsirkus.is

Sígild samtímatónlist

# MH-STELPURNAR VÖ



TRÍLOGÍA



SPÚTNIK

# LDU SITT UPPÁHALD

ÞRJÁR MH-STELPUR FÓRU Í UPPÁHALDSBÚÐIR OG VÖLDU SÉR SITT „OUTFIT" SEM VAR AÐ ÞEIRRA SKAPI. STELPURNAR SPÁ MIKIÐ Í TÍSKU OG VITA UPP Á HÁR HVAÐ ÞÆR VILJA. ÞETTA ER AFRAKSTURINN AF VERSLUNARFERÐINNI Í RVK.




## GYLLTI KÖTTURINN

ELSA – KJÓLL 4.800 KR., BUXUR 6.800 KR., TASKA 1.800 KR OG SKÓR 5.800 KR.
SNJÓLAUG – CAPE 9.800 KR., SKYRTA 3.200 KR., SKÓR 5.800 KR., BUXUR 8.800 KR.
SIGRÚN – KÁPA 8.000 KR., BUXUR 6.800 KR., BELTI 1.800 KR. OG SKÓR 5.800 KR.

## TRÍLOGIA

SIGRÚN – KJÓLL/EROTOKRITOS 27.900 KR.
ELSA – KJÓLL/SUNNA 24.900 KR.
SNJÓLAUG – LEGGINGS/AFTUR 16.800 KR., KJÓLL/SUNNA 19.900 KR.

## SPÚTNIK

SNJÓLAUG – KJÓLL 5.500 KR., BUXUR EINKAEIGN OG SKÓR 3.500 KR.
SIGRÚN – KJÓLL 2.500 KR., BELTI 2.900 KR., SKÓR 3.500 KR. OG BUXUR EINKAEIGN
ELSA – SAMFESTINGUR 5.200 KR., BLÚSSA 2.900 KR. OG SKÓR 3.500 KR.



SIRKUSMYNDIR- STEFÁN







# LITRÍKAR BUXUR OG STÓR BELTI

MERCEDES-BENZ TÍSKUVIKAN VAR HALDIN 27. MARS 2006 Í SMASHBOX STUDIOS Í LOS ANGELES. SÝNINGIN STÓÐ YFIR Í VIKU OG VAR MEÐ GLÆSIBRAG. ÞAÐ VANTAÐI EKKI FRÆGA FÓLKIÐ Á SÝNINGUNA OG LÉTU MARGIR SJÁ SIG, ÞEIRRA Á MEÐAL CHER, COURTNEY LOVE, PAULA ABDUL, PARIS HILTON OG SÖNGKONAN CHRISTINA AGUILERA, SVO EINHVERJAR SÉU NEFNDAR. LOUIS VERDAD VAKTI MIKLA HRIFNINGU, BÆÐI FYRIR FÖTIN SÍN OG ÞAÐ AÐ HANN VAR MEÐ SMÁ UPPÁKOMU Á MEÐAN Á SÝNINGUNNI STÓÐ. ÞAÐ VAR HÚLLADANSARI SEM DANSAÐI UM ALLLT Á MEÐAN MÓDELIN SÝNDU FLOTTAN FATNAÐINN FRÁ LOUIS VERDAD. LOUIS VERDAD VAKTI LÍKA ATHYGLI FYRIR BIKINÍLÍNUNA OG MINNTI STUNDUM Á SVOKALLAÐAN ZORRO-STÍL ÞAR SEM SUM MÓDELIN VORU MEÐ FLOTTAR GRÍMUR. ÞARNA MÁTTI SJÁ LITRÍKAR BUXUR, STÓRA TOPPA, BELTI OG EINNIG MJÖG KVENLEGA OG FALLEGA KVÖLDKJÓLA.












GEIMSTOFAN // DAGSLJÓS

HEIMURINN Á

HÚSAVÍKUR
Jógúrt

MARGT ÓLÆRT

Á NETINU ER LEIKURINN BAVARIA.IS Í FULLUM GANGI, ÞAÐ ER KOMINN EINN VINNINGSHAFI EN EKKI ÖRVÆNTA ÞVÍ ENN ER HÆGT AÐ VINNA. VINNINGURINN ER STANSLAUST BAVARIAPARTÍ Í BJÓRBORGINNI AMSTERDAM.

# MYND AF ÞÉR OG BAVARIA

„Þetta er leikur sem var í gangi á netinu hjá okkur,“ segir Sigvaldi Kaldalóns útvarpsmaður. „Það eru sem sagt fm957.is og Bavaria.is sem standa fyrir þessari keppni og það var þannig að fólk sendi myndir af sér með Bavaria.“

**FERÐ FYRIR TVO**

„Það voru þá myndir af fólki í ýmsum múnderingum ásamt Bavaria, svo voru það notendur síðunnar sem gátu kosið um bestu myndirnar. Vinningshafinn fékk svo fyrir sinn snúð ferð fyrir tvo á Bavaria-djamm í Amsterdam, þar sem að sjálfsögðu allt verður fljótandi í Bavaria,“ segir Svali að vonum ánægður með partístemninguna.

**GEGGJAÐAR MYNDIR Á SÍÐUNNI**

„Það geta allir kíkt á Bavaria.is og séð allar myndirnar, það er alveg fullt af myndum inni á síðunni, mjög skemmtilegar myndir. Það er kominn vinningshafi en það var tekin ákvörðun um að framlengja leikinn eitthvað, það var hún Gunnhildur sem hreppti Bavaria-ferðina að þessu sinni en ekki örvænta því leikurinn heldur áfram og það eru tvær ferðir fyrir tvo ennþá í pottinum. Ferðalagið er náttúrlega bara partí, það er farið út, tekið á móti þeim, partí, bjór og farið að skoða Bavaria-verksmiðjuna. Þetta er bara frekar svona týpískt partí og stuð allan tímann,“ segir Svali í stuði eins og alltaf.

*SEJ*




ÁTTU MYND AF ÞÉR MEÐ EINUM SVONA?



SVALI STENDUR FYRIR BAVARIA-LEIKNUM.

## SKEMMTI- OG FRÆÐSLUÞÁTTURINN TÍVOLÍ HÓF GÖNGU SÍNA Á SJÓNVARPSSTÖÐINNI SIRKUS NÚNA Á ÞRIÐJUDAGINN

# ÍSLENSKUR TÓLATÍMI

„Þeir sem muna eftir þættinum Handlaginn heimilisfaðir muna þá líka eftir þættinum hans Tim,“ segir Tívolílurkurinn Dóri DNA sem er einn af félögunum í sjónvarpsþáttunum Tívolí sem voru að hefja göngu sína á Sirkus. Ásamt Þorsteini Lár, Bent og Lúlla birtist hann á skjánum hvert þriðjudagskvöld. „Þátturinn sem Tim og vinur hans voru með hét Tool Time og var alveg svona soldið vakkí en skemmtilegur, okkar þáttur er líka svona eitthvað í anda þess þáttar,“ segir Dóri kátur. „Í þættinum okkar er alltaf eitthvað gott í gangi, þetta er fjölbreyttur þáttur og það má segja að við séum með svona þrjá liði. Ég er með lið sem heitir hverfið mitt og í síðasta þætti fór ég með Dj Sóley í Vesturbæinn að skoða hverfið, þetta er hverfið og minningarnar eru margar. Svo eru strákarnir með sína liði. Þorsteinn er alltaf með gesti svona eins og ég en Bentinn er meira með svona hluti, eins og bíla og eitthvað þannig. En þessir liðir eru að sjálfsögðu frekar breytilegir og gestirnir eru margir og skemmmtilegir. Ég er alveg að fíla sjónvarpið, ég meina ég held ég verði góður Hemmi Gunn, en ég er bara enn að venjast því en ég veit að ég verð góður,“ segir Dóri DNA og bíður eftir þættinum Á tali með Dóra D.



DÓRI DNA ER REFFILEGUR Á SKJÁNUM.



LÚLLI OG ÞORSTEINN SNÚA BÖKUM SAMAN.



útvarp X 97·7

## X-LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Dr. Mister & Mr. Handsome | Boogie Woogie Sensation |
| 2. | Red Hot Chili Peppers | Dani California |
| 3. | Pearl Jam | World Wide Suicide |
| 4. | Wulfgang | Machinery |
| 5. | The Raconteurs | Steady As She Goes |
| 6. | 10 Years | Wasteland |
| 7. | Tony The Pony | Army Of The Sun |
| 8. | Bullet For My Valentine | All These Things I Hate |
| 9. | Mammút | Þorkell |
| 10. | The Strokes | Heart In A Cage |
| 11. | Avenged Sevenfold | Beast And The Harlot |
| 12. | Future Future | Code Civil |
| 13. | Wolfmother | Dimension |
| 14. | Jet Black Joe | Full Circle |
| 15. | Dikta | Losing Every Day |
| 16. | Coldplay | The Hardest Part |
| 17. | Clap Your Hands Say Yeah | In This Home On Ice |
| 18. | Benny Crespos Gang | Shine |
| 19. | System Of A Down | Lonely Day |
| 20. | Ghostigital | Not Clean |

MISTER OG HANDSOME ERU Á TOPPNUM.



FM957

## ÍSLENSKI LISTINN TOPP 20

| SÆTI | FLYTJANDI | LAG |
|---|---|---|
| 1. | Mary J. Blidge – | One |
| 2. | Cascada – | Everytime We Touch |
| 3. | Eminem / Nate Dogg – | Shake That |
| 4. | All American Reject – | Dirty Little Secret |
| 5. | Silvía Nótt – | Til Hamingju Ísland |
| 6. | Staind – | Right Here |
| 7. | Gwen Stefani – | Crash |
| 8. | Craig David – | Unbelievable |
| 9. | Pink – | Stupid Girl |
| 10. | Pussycat Dolls – | Beep |
| 11. | Lee Ryan – | When I Think Of You |
| 12. | Kelly Clarkson – | Walk Away |
| 13. | Click Five – | Catch The Wave |
| 14. | Mary J. Blige – | Be Without You |
| 15. | Jack Johnson – | Better Together |
| 16. | Nickelback – | Savin Me |
| 17. | Rihanna – | S.O.S. |
| 18. | Kelly Clarkson – | Gone |
| 19. | Beverly Knight – | Piece Of My Heart |
| 20. | Neyo – | So Sick |

MARY J ER KOMIN Á TOPPINN.



# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS**

## SKEMMTISTAÐIR

### FÖSTUDAGUR 21. APRÍL



**CAFE OLIVER**
Dj Balli sjálfur mun missa sig og mun halda uppi stuðinu eins og ávallt, hann kemur alltaf á óvart svo það borgar sig að vera vel búin hvað varðar dansdressið og rétta skapið.

**KRINGLUKRÁIN**
Dansleikur með þeim einu sönnu Lúdó og Stefán. Það þarf varla að kynna þessa merku sveit, sem hefur skemmt landanum kynslóð eftir kynslóð.

**HVERFISBARINN**
Dj Frigor verður í búrinu í kvöld eins og honum er einum lagið en Dj Kiddi meistari Bigfoot er dottinn í sumargírinn og verður með alla heitustu slagarana í gangi fram undir laugardagsmorgun.

**GRAND ROKK**
148 PUB QUIZ stendur alltaf fyrir sínu og er á sínum stað eins og við má búast. Spyrill dagsins er Steinþór. Ekki liggja frekari upplýsingar um þennan ágæta mann en allar vísbendingar eru vel þegnar. Opnar uppi 16.50 eins og venjulega…



**SÓLON**
Á Sólon í kvöld er það enginn annnar en Dj Heiðar Austmann sjálfur sem sér um að halda stuðinu á lofti fyrir gesti staðarins. Allir velkomnir á Sólon.

**CAFE VIKTOR**
Dj Jón Gestur bregður undir sig betri fætinum og stígur stríðsdans í búrinu eins og honum einum er lagið. Mætið og ekki vera feimin við að stíga trylltan dans milli minglpása.



**HRESSÓ**
Trúbadorarnir Gotti og Eisi spila frá 22 til 01 en eftir að þeir eru búnir að spila nægju sína tekur Dj Maggi við sem er að sjálfsögðu maðurinn um kvöldið. Það er nú bara ekkert flóknara en það.

**KLÚBBURINN**
Í kvöld munu hinir stórgóðu trúbadorar Halli og Kalli halda uppi stuði fram á nótt. Mætið í stuði í dansskónum og hafið það hugfast að dansgólfið er til þess að dansa á.



**DILLON**
Á föstudagskvöldið mun Dj Óli Dóri sjá um að þeyta skífum eins og honum einum er lagið svo endilega ekki missa af dúndurkvöldi þar sem fátt annað er gert en að dansa.

**PLAYERS KÓPAVOGI**
Hljómsveitin Á móti sól fagnaði sem kunnugt er 10 ára starfsafmæli sínu um páskana með stórdansleikjum víða um land. Þrátt fyrir gríðarlega vel heppnaðan afmælistúr eru drengirnir ekki saddir enn heldur halda ótrauðir áfram að skemmta sér og öðrum.

### LAUGARDAGUR 22. APRÍL

**GRAND ROKK**
Í kvöld mun Techno.is halda raftónleika á Grand Rokk með erlendu og innlendu innihaldi. Tónleikarnir byrja stundvíslega klukkan 23 og kostar 500 krónur inn. Fram koma Worm is Green, Tonik, Ruxpin og Kaido Kirikmäe.



**SÓLON**
Niðri er það Dj Rikki G sem mun þeyta skífum en uppi er það Dj Heiðar Austmann, svo ekki láta ykkur vanta þar sem hinir geysivinsælu útvarpsgaukar láta ljós sitt skína.

**HVERFISBARINN**
Að þessu sinni mun enginn annar en DJ STEF trylla dansgólfið og því er um að gera að mæta í sínu fínasta pússi og í sumargírnum því það verður tekið á því á dansgólfinu.

**CAFE OLIVER**
Það verður rafmögnuð stemning á Óliver í kvöld því Addi Gísla trommari mun missa sig og sýna okkur hinum hvernig á að skemmta sér en með honum verður Dj J.B.K. og saman munu þeir gera einvherja snilld.



**KRINGLUKRÁIN**
Dansleikur með þeim einu sönnu Lúdó og Stefán. Það þarf varla að kynna þessa merku sveit, sem hefur skemmt landanum kynslóð eftir kynslóð en svona rétt til upprifjunar.



**DILLON**
Það er rokkmamman Andrea Jónsdóttir sem sér um fjörið í kvöld á Dillon og heldur áfram langt fram eftir morgni.

**CAFE VIKTOR**
Dj Jón Gestur mætir með góða skapið og dansar upp besta djamm í langan tíma, mættu og eigðu ótrúlega gott kvöld á Café Victor.



**NASA**
Færeysk tónlistarupplifun á NASA, það eru sex tónlistarmenn sem stíga á stokk og má þar nefna Högna Lisberg, Gestum, Déjà Vu, Makrel, Marius og Lena. Sérstakir gestir AME-hátíðarinnar í ár er íslenska hljómsveitin Dikta.

**HRESSÓ**
Hressingarskálinn er alltaf með nýtt og spennandi efni í boði. Það eru trúbadorarnir Gotti og Eisi sem spila frá 22 til 01 en eftir að allir eru orðnir heitir mun hinn eini sanni Dj Maggi þeyta skífum þar til sunnudagsmorgun lítur dagsins ljós.

## LANDSBYGGÐIN

**SJALLINN**
Úrslitaþátturinn í Idolinu verður sýndur á öllum skjám og því skuluð þið ekki missa af þessu kvöldi. Það eru Idol-tilboð í gangi á barnum og brjáluð spenna í loftinu. Byrjið á þessu og svo taka Substance-strákarnir við og halda uppi dúndrandi stemningu fram undir rauðan morgun. Á laugardagskvöldið er það norðlenska dýrið sem kynnir: Dýrið gengur laust í Sjallanum Akureyri! Fram koma hljómsveitirnar Infiniti, Hugsýki, Grass, Helgi og hljóðfæraleikararnir, Mistur og Þingtak.

**HÖLLLIN**
Hljómsveitin Á móti sól fagnaði sem kunnugt er 10 ára starfsafmæli sínu um páskana með stórdansleikjum víða um land. Þrátt fyrir gríðarlega vel heppnaðan afmælistúr eru drengirnir ekki saddir enn heldur halda ótrauðir áfram að skemmta sér og öðrum. Laugardagskvöldið er sjóðheitt og seiðandi í Vestmannaeyjum í fyrsta sinn í alltof langan tíma. Þar hefur hinn glæsilegi skemmtistaður Höllin verið opnaður á ný og á laugardagskvöldið verður hljómsveitin með ball þar. Aldurstakmark er 18 ár og frítt inn í boði Toyota!

**YELLO KEFLAVÍK**
Það er enginn annar en Dj Atli skemmtanalögga sem mun skemmta öllum þeim sem vilja dansa, hlæja og hitta skemmtilegt fólk. Ekki missa af dúndurstemningu með dúndurfólki um helgina á Yello.

# Sódóma Reykjavík

**SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINNI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS**

# LISTASÝNINGAR

**ANIMA GALLERÍ**
Helga Egilsdóttir, huginn. Það er í síðustu forvöð að sjá þessa sýningu því þetta er lokahelgin.

**ARTÓTEK GRÓFARHÚSI**
Steinunn Helgadóttir myndlistarmaður sýnir ljósmyndir og DVD.

**CAFÉ KARÓLÍNA**
Þorvaldur Þorsteinsson – Íslandsmyndir.

**GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGÐ**
Við krefjumst fortíðar! Sýning á vegum Leikminjasafns Íslands um götuleikhópinn Svart og sykurlaust.

**GERÐUBERG**
Tískuhönnun Steinunnar Sigurðardóttur, myndbönd frá tískusýningum, ljósmyndir og fleira til 30. apríl.



**I8**
Tumi Magnússon sýnir ljósmyndir og myndbandsverk út apríl.

**LISTASAFN EINARS JÓNSSONAR**
Fastasýning. Í safninu eru seldar gifsafsteypur af frumverkum listamannsins. Einnig eru til sölu bækur um listamanninn, kort af verkum hans ásamt veggspjöldum af tveimur málverka hans.

**LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI**
Spencer Tunick – Bersvæði, Halla Gunnarsdóttir – Svefnfarar.

**HALLGRÍMSKIRKJA**
Sýning á olíumálverkum Sigrúnar Eldjárn og mun hún standa yfir til 30. apríl.

**LISTASAFN ÍSLANDS**
Gunnlaugur Blöndal – Lífsnautn og ljóðræn ásýnd og Snorri Arinbjarnar – Máttur litarins og spegill tímans.

**LISTASAFN REYKJANESBÆJAR**
Sýningin Náttúruafl er samsýning 11 listamanna þar sem viðfangsefnið er náttúra Íslands.

**LISTASAFN REYKJAVÍKUR, ÁSMUNDARSAFN**
Ásmundur Sveinsson – Maður og efni. Sýning á úrvali verka úr safneign Ásmundarsafns.



**LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS**
Síðasta helgi Erró-sýningar. Á sýningunni eru til sýnis Erróverk frá því listamaðurinn var barnungur allt þar til hann hélt sína fyrstu sýningu árið 1957. Í Hafnarhúsinu er einnig sýning Guðjóns Bjarnasonar, AFsprengi HUgsunar. Þetta er lokahelgi beggja sýninga.

**LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR**
Sýning fyrir unga listunnendur sem sett er upp fyrir unga listunnendur í tengslum við útgáfu nýrrar bókar Eddu útgáfu. Einnig eru sýndar á safninu innsetningar eftir Joseph Kosuth og Ilja & Emiliu Kabakov sem eru fremstu konseptlistamenn heimsins í dag.

**LISTHÚS ÓFEIGS**
Dominique Ambroise – Sjónhorn.

**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR**
Sautján félagar í Fókus, félagi áhugaljósmyndara sýna á ljósmyndasýningunni Fegurð í Fókus í Tjarnarsalnum, stendur til 9. apríl.

**REYKJAVÍKURBORG**
Stella Sigurgeirsdóttir sýnir 20 minningarstólpa til 28. ágúst.

**SAFN**
Kristján Steingrímur Jónsson sýnir nýleg verk sín á grunnhæðinni. Sýning bandarísku listakonunnar Roni Horn heldur áfram.

**SKAFTFELL**
Sýning á vegum Listaháskóla Íslands og Dieter Roth Akademíunnar stendur nú yfir í Menningarmiðstöðinni til 29. apríl.



**ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS**
Sýningin Huldukonur í íslenskri myndlist.

# GRUNNURINN Á DRYKKJUMENNSKUNNI

**DRYKKURINN MINN**

## TVÖFALDUR BACARDI LEMON Í SPRITE

„Minn drykkur er einfaldlega tvöfaldur Bacardi lemon í Sprite. Að sjálfsögðu borið fram í stóru glasi með sítrónusneið og fullt af klökum. Þessi blanda hefur verið mér samferða allt frá því ég byrjaði að drekka. Svo þegar ég er aðeins kominn í glas dett ég ósjaldan í Mojito," segir Vilhjálmur Árni Sveinsson, eða Vill WRX eins og þjóðin fór að kalla kappann eftir frægt make-over hjá DV undir handleiðslu sjálfs Gillzeneggers.





# HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA?

## SPILA OG FARA Á FÆREYSKU TÓNLEIKANA



„Ég veit að ég þarf að læra," segir Halli trommuleikari í Úlpu. „Ég er að fara að læra undir próf, er í tölvunarfræðum í háskólanum og svo þarf ég líka að skila ritgerð," segir Halli sem hefur nóg að gera í skólanum. „En ég var að spá í að kíkja á færeysku tónleikana sem eru á laugardaginn á Nasa, það kemur fullt af kunningjafólki frá Færeyjum, það verður eitthvað fjör. Maður verður að kíkja á þetta. Við erum búinir að spila úti og því höfum við myndað tengsl við fólkið sem er núna að koma. Það er því tilvalið tækifæri að hitta þetta fólk og hafa það skemmtilegt. Svo getur verið að við séum að fara að spila í Hafnarfirði á laugardaginn, það eru tónleikar sem Ungir jafnaðarmenn eru að fara að halda. Úlpa sem slík er ekki í heild sinni ungir jafnaðarmenn en það eru einstaka menn inni á milli sem eiga eitthvað sameiginlegt með þeim selskap," segir Halli hress í bragði.

*Haraldur Örn Sturluson, trommuleikari í Úlpu*

## HEIMSÓKN TIL PABBA OG Á GÍGJARHÓL



„Það er nú ekkert ákveðið" segir Rósa Guðmundsdóttir sem vill hafa dagskrána frekar opna um helgina. „Ég er búin að vera á svo miklu flandri að ég er ekki komin lengra en bara daginn í dag. Ég var að hugsa um að kíkja á Biskupstungur. Ef það gengur eftir hjá mér ætla ég á Gígjarhól sem er sveitabær. Þá fer ég á hestbak og eitthvað að temja, en eins og ég segi þá er helgin ekki alveg komin á hreint," segir Rósa um plön helgarinnar.

*Rósa Guðmundsdóttir*

## BÍÓ OG TEK ÞAÐ RÓLEGA



„Ég hef verið svo svakalega upptekin undanfarið, ég er búin að vera í útlöndum síðustu tvær vikurnar svo ég held að ég taki það bara rólega," segir Ragnhildur handboltakona í Haukum. „Ég er búin að vera úti með handboltanum, ég var í Tékklandi með landsliðinu og Köben síðustu helgi. Ég held að ég taki það rólega, fái mér gott að borða á laugardaginn, kannski einhvern góðan grillmat og horfi kannski á vídeó. En á laugardaginn er leikur sem ég mæli með, það er fullt af leikjum núna bæði í kven- og karlaboltanum, það er heil umferð hjá körlum á laugardaginn," segir Ragnhildur. „En það er einn mjög spennandi leikur sem ég ætla að sjá, það er stórleikur hjá Haukum og Aftureldingu. Þetta er næstsíðasta umferð en við spilum ekki fyrr en á þriðjudaginn, þá hefst deildarbikarinn. Á sunnudaginn er planað að fara á Ice Age, það er nokkuð sem maður verður að sjá, hlakka mjög mikið til að sjá hana,"segir Ragnhildur sem ætlar að hafa það gott um helgina.

*Ragnhildur Rósa Guðmundsdóttir, handboltakona í Haukum*

# LEIKHÚS

## FÖSTUDAGURINN 21. APRÍL

### ÁTTA KONUR
Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“ þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir. Átta villtar konur og einn látbragðsleikari fara hamförum á Stóra sviðinu.

### ELDHÚS EFTIR MÁLI
Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin hefst klukkan fimm.

### PÉTUR GAUTUR
Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessarri frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.



### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdótir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

### BELGÍSKA KONGÓ
Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamalli konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á Litla sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

### FORÐIST OKKUR
Leikrit byggt á myndasögum Hugleiks Dagssonar, í samvinnu við leikhópinn Common Nonsense. Hugmyndaheimur verksins er sprottinn upp úr verkum Hugleiks, myndasögubókunum Elskið okkur , Drepið okkur og Ríðið okkur. Sögur Hugleiks eru skemmtilegar, kaldhæðnar, grófar, ljótar, fallegar, ósmekklegar, gróteskar og rómantískar. Það rúmast allt í þessum heimi.

## LAUGARDAGURINN 22. APRÍL

### ÁTTA KONUR
Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“ þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir. Átta villtar konur og einn látbragðsleikari fara hamförum á Stóra sviðinu.



### KALLI Á ÞAKINU.
Í hlutverki Kalla á þakinu er enginn annar en Sveppi sjálfur. Þetta er bráðskemmtileg barnasýning fyrir alla fjölskylduna. Kalli verður í Borgarleikhúsinu klukkan tvö. Heimsins besti Kalli og það jafnast enginn á við hann.

### ELDHÚS EFTIR MÁLI
Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum uppákomum. Sýningin hefst klukkan fimm.

### PÉTUR GAUTUR
Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessarri frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir

### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdótir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

### FORÐIST OKKUR
Leikrit byggt á myndasögum Hugleiks Dagssonar, í samvinnu við leikhópinn Common Nonsense. Hugmyndaheimur verksins er sprottinn upp úr verkum Hugleiks, myndasögubókunum Elskið okkur , Drepið okkur og Ríðið okkur. Sögur Hugleiks eru skemmtilegar, kaldhæðnar, grófar, ljótar, fallegar, ósmekklegar, gróteskar og rómantískar. Það rúmast allt í þessum heimi.

### GLÆPUR GEGN DISKÓINU
Steypibaðsfélagið Stútur í samstarfi við Vesturport setur upp verkið Glæpur gegn diskóinu. Dauður köttur, diskókvöld sem aldrei átti sér stað, brjóstin á starfskonu tryggingastofnunar og hauslausar dúfur eru vendipunktar í þessu mannlega ferðalagi um karlmennskuna. Þetta er nokkuð sem verður að kanna.

## SUNNUDAGURINN 23. APRÍL

### ÁTTA KONUR
Verkið er „glæpsamlegur gamanleikur“, þar sem átta leikkonur leiða okkur inn í kvennaheim, fullan af óvæntum atburðum, ógnum og gríni. Þeim til fulltingis verður hinn þekkti látbragðsleikari Kristján Ingimarsson, sem kemur sérstaklega frá Danmörku til að taka þátt í sýningunni. Áhorfendur mega eiga von á því að leikkonurnar bresti í dans og söng þegar minnst varir. Átta villtar konur og einn látbragðsleikari fara hamförum á Stóra sviðinu.

### PÉTUR GAUTUR
Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessarri frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir

### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdótir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson. Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.

### RONJA RÆNINGJADÓTTIR
Ronja Ræningjadóttir er eftir Astrid Lindgren en er í leikstjórn Sigrúnar Eddu Björnsdóttur. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa söguni og persónunum að flytja sig á vit ævintýranna.

### FORÐIST OKKUR
Leikrit byggt á myndasögum Hugleiks Dagssonar í samvinnu við leikhópinn Common Nonsense. Hugmyndaheimur verksins er sprottinn upp úr verkum Hugleiks, myndasögubókunum Elskið okkur , Drepið okkur og Ríðið okkur. Sögur Hugleiks eru skemmtilegar, kaldhæðnar, grófar, ljótar, fallegar, ósmekklegar, gróteskar og rómantískar. Það rúmast allt í þessum heimi.

## ÞRIÐJUDAGURINN 25. APRÍL

### PÉTUR GAUTUR
Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur sýnt í Kassanum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafl og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessarri frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir

## MIÐVIKUDAGURINN 26. APRÍL

### PÉTUR GAUTUR
Í Kassanum í Þjóðleikhúsinu klukkan 20.

## FIMMTUDAGURINN 27. APRÍL

### PÉTUR GAUTUR
Í Kassanum í Þjóðleikhúsinu klukkan 20.

### LITLA HRYLLINGSBÚÐIN
Leikfélag Akureyrar í samstarfi við Íslensku óperuna sýnir í kvöld Litlu hryllingsbúðina eftir Howard Ashman. Hryllingsbúðin er sígildur rokksöngleikur fyrir alla fjölskylduna, fullur af húmor og kraftmikilli tónlist. Með hlutverk í sýningunni fara m.a. Jóhannes Haukur Jóhannesson, Andrea Gylfadóttir, Vigdís Hrefna Pálsdóttir, Guðjón Davíð Karlsson, Álfrún Helga Örnólfsdótir, Esther Talía Casey, Ardís Ólöf Víkingsdóttir og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson.
Leikstjóri er Magnús Geir Þórðarson.



-25%
enn meiri
afsláttur
af heilsársdekkjum
-25%
afsláttur
af vinnu við smur
Ótrúleg tilboð
kíktu við og gerðu góð kaup
á jeppadekkjum
Vaxtalausar léttgreiðslur!
BÍLKÓ
bilko.is
- Betri verð!
Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110



Bíll frá kr. 1.950 á dag*
*Verð er án kílómetragjalds.
HASSO
Car-rental
Tel: 555 333 0
Hasso - Ísland, Smiðjuvegur 6, rauð gata sími 555 333 0



KRISTINN BJARNASON ÆTLAR AÐ RÍFA UPP UNGLIÐASTARF SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í HVERAGERÐI.

# PLÖTUSNÚÐUR Í PÓLITÍK

**KRISTINN BJARNASON ER 23 ÁRA HVERGERÐINGUR. HANN ER HVAÐ ÞEKKTASTUR FYRIR AÐ ÞEYTA SKÍFUM VÍTT OG BREITT UM LANDIÐ EN NÚ BREYTIR HANN UM VETTVANG. HANN HEFUR SNÚIÐ SÉR AÐ STJÓRNMÁLUM OG ÆTLAR AÐ ENDURVEKJA UNGLIÐASTARF SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS Í HVERAGERÐI.**

„Við erum að rífa upp ungliðastarfið hérna í Hveragerði," segir Kristinn Bjarnason, ungur sjálfstæðismaður í Hveragerði. Kristinn, sem er 23 ára, er einna þekktastur undir nafninu Dj Ghozt en einnig hefur hann gert það gott sem grafískur hönnuður. Í síðustu viku var haldinn dúndurfundur í sjálfstæðishúsinu í Hveragerði þar sem Félag ungra sjálfstæðismanna í bænum var vakið upp af værum blundi. Kristinn stóð fyrir þessari endurvakningu ásamt þeim Elínborgu Ólafsdóttur og Hirti Sveinssyni.

### UNGIR TIL ÁHRIFA

„Við viljum fá ungt fólk í Hveragerði til þess að koma og spjalla um allt milli himins og jarðar, þótt bæjarmálin verði jafnan ofarlega á baugi," segir Kristinn og bendir á að ungliðastarfið í bænum hafi verið mun öflugra hér á árum áður en drabbast niður nú seinni ár. „Það er heldur ekki neinn flokkur hér í bænum sem er með virkt ungliðastarf," segir Kristinn. Hann segir afþreyingu fyrir ungt fólk vera af skornum skammti. „Það er ekki neinn góður staður fyrir krakkana að hittast. Hér er félagsmiðstöð en talsvert vantar upp á til þess að hún geti talist fullstarfandi félagsmiðstöð. Þegar ég var unglingur sá hress strákur um þetta sem horfði á krakkana en ekki á launaseðilinn."

### MÓTMÆLTI LÓÐAÚTHLUTUN

Kristinn telur margt mega laga í bæjarmálum en Samfylking og Framsóknarflokkurinn hafa verið við völd í bænum um nokkurt skeið. Hann hefur einna helst sett sig upp á móti bæjarstjórninni í hinu svokallaða Eyktarmáli. Í því máli var byggingarfélaginu Eykt ehf. úthlutað 80% af landsvæði sem ætlað var undir byggingar og skrifuðu 400 bæjarbúar á undirskriftalista þar sem þessu var mótmælt. Kristinn stóð fyrir þeirri undirskriftasöfnun, sem breytti þó ekki ákvörðun bæjarstjórnar. „Þetta gekk í gegn. Þrátt fyrir þennan fjölda undirskrifta," segir Kristinn sem er engu að síður ánægður með þá samstöðu sem bæjarbúar sýndu til að mótmæla þessu.

### STEFNIR Á FRAMBOÐ

Kristinn segir að hlutverk ungliðanna sé fyrst og fremst að veita hinum eldri aðhald. „Og ef Sjálfstæðisflokkurinn kemst til valda höfum við auðvitað miklu meira að segja í bæjarmálum. Getum komið svo miklu til skila til þeirra sem stjórna bænum," segir Kristinn. Þau Elínborg og Hjörtur, sem taka þátt í uppbyggingunni með Kristni, eru bæði á lista hjá Sjálfstæðisflokknum.

*Fáum við ekkert að sjá plötusnúðinn á lista?*

„Það gæti bara vel verið einn daginn. Einn góðan og fallegan veðurdag."

*SHS*

## ÞAÐ Á AÐ GERA MYND UM ÆVI ÞÍNA



HVER MYNDI LEIKA ÞIG?

## MORGAN FREEMAN EÐA CHRISTIAN BALE



„Ég hugsa að Morgan Freeman yrði látinn leika mig," segir **Halldór í Furstaskyttunum** eftir smá umhugsun. „Hann væri pottþétt valinn til að leika mig vegna þess að hann hefur þetta heimspekilega og traustvekjandi yfirbragð sem þarf til í þessum góða geira. Síðan erum við líka með ískyggilega svipaðan skeggvöxt. Mér fannst hann líka svo eftirminnilegur og frábær í myndinni Chain Reaction. Ef ég mætti sjálfur velja þann sem léki mig yrði Christian Bale fyrir valinu, hann er svipaður mér í myndinni American Psycho, það er eitthvað svo rosalegt við þann gaur, hann eða Sharon Stone pottþétt," segir Halldór og skellir upp úr. Þessi mynd yrði frekar fjörug, aðalpersónan væri kómísk, orðheppin og mjög ofbeldisfull," segir Halldór um innihald myndarinnar.





# SPURT OG SVARAÐ MEÐ STÓRA G

Spurt og svarað með Stóra G er orðið svo gríðarlega vinsælt að það er varla tími til að fara í neitt annað topic. En það jákvæða er að fólkið úti, já þið heyrðuð það, FÓLKIÐ fær að taka þátt. Og FÓLKIÐ fær aðstoð. Og þeir sem þekkja Stóra G vita það að hann vill hjálpa fólki.

Ef þið hafið einhverjar spurningar þá vitið þið e-meilið. Buffid@hotmail.com



**Sp:** Sæll og blessaður G. Ég var í Smáralindinni þegar litli krakkinn var týndur og þú hjálpaðir honum að finna foreldra sína og síðan varstu svona tuttugu mínútur að gefa eiginhandaráritanir. Samt sá ég að þú varst að drífa þig eitthvað.

Skipta aðdáendur svona miklu máli fyrir þig G?

**Kv. Ein hissa.**

**Sv.:** Sæl ein hissa. Það er að sjálfsögðu ekkert til sem heitir að vera frægur á Íslandi en það er hægt að vera þekktur. Þegar litlir aðdáendur vilja fá eiginhandaráritanir þá gef ég mér alltaf tíma. Aðdáendurnir eru númer 1, 2 og 3. Ef þeir væru ekki til, þá væri ég ekki til.

**Sp.:** Hey G, afhverju ertu alltaf að skrifa einhverjar sportgreinar? Íþróttir eru fyrir hálfvita!

**Kv. Einn latur.**

**Sv.:** Hvernig væri að þú myndir taka þetta helvítis rassgat á þér og reyna að hreyfa það áður en þú rífur kjaft. Ertu á móti íþróttum? Hefurðu séð sólarljósið? Ertu kannski offitusjúklingur? Hefurðu einhvern tímann séð líkamsræktarstöð?

Ertu kannski í Counterstrike klani og þér finnst það geðveikt?

Winners train, losers complain. Haltu síðan kjafti.

**Sp.:** Kæri herra Stóri G. Ég er að velta því fyrir mér hvort þú mælir með því að hitta dömu eftir að hafa verið búinn að netdeita hana og netríða henni nokkrum sinnum. Hún er með mynd af andlitinu á sér í display á msn og hefur sent mér nokkrar myndir en þær eru bara allar af andlitinu. Hún segist bara eiga andlitsmyndir en hún lítur út fyrir að vera stórglæsileg.

Mælir þú með því að ég hitti hana.

**Kv., Einn horny.**

**Sv.:** Þetta er góð spurning Horny. Félagi minn lenti í því nákvæmlega sama um daginn. Hann var búinn að vera að netríða einni og hún sent honum ófáar andlitsmyndirnar. Síðan ætlaði kallinn að vera lucky og klára verkefnið. Hann fór til hennar með tilhlökkun og með hann semi harðan og átti að pikka hana upp. Hún KOMST EKKI INN Í BÍLINN HANS! Hann hefði keyrt í burtu hefði hann ekki verið í losti!

Nei dreng. Mæli ekki með því.

**Sp.:** Hæ G. Hvað á ég að gera ef ég vil fá það snemma?

**Kv., Hávar**

**Sv.:** Í guðanna bænum Hávar viltu hætta þessum leik. Hélduru virkilega að það trúi því EINHVER að þú þurfir ráð til þess að ná hámarki snemma. Hættu þessu rugli, þetta er komið gott.

**Sp.:** Sæll G. Hver er munurinn á því að vera með dual channel innra minni eða single channel innra minni og hvort er betra.

**Kv., Einn lanaður**

**Sv.:** Það er að sjálfsögðu betra að vera með dual channel minni þar sem að þú ert t.d. með tvo 512 megabæta kubba sem vinna sem einn helhraðvirkur gígabætakubbur.

Ég hélt nú að hvaða snappahead sem er vissi þetta.

**Sp.:** Blessaður G. Hvort er mikilvægara að eiga money eða vera myndarlegur?

**Kv., Einn ringlaður**

**Sv.:** Blessaður ringlaður.

Það var gerð rannsókn um daginn sem sýndi að myndarlegir menn græða 15% meira monní yfir ævina en elgljótir menn.

Og ekki gefa mér skít og segja: „En hvað með Bill Gates?" Taktu gleraugun af Gates, settu hann í tvöfaldan túrbó og skelltu hárinu á aftur og hann er orðinn kynlíf á fótleggjum.

**Sp.:** Hæ hávaxni G.

Heyrru ég var að spá G. Mig langar ógó mikið að totta fjólann á Kolb. Einker sagði mer að þú þekktir Kolb. Geturru kannski reddað mér deiti með Kolb svo ég geti reykt á honum fjólann?

**Kv., Horny Kolb-Fan**

**Sv.:** Ég þekki Kolb. Hringdu í mig, ég reddda því. Ef þú vilt fá einhverja fleiri með í actionið, Grantarann, Fjölni Þ, Hjöbba Ká, Gudda Feiti, Frosta, Blöarann, Egga Stef, Loga Berg, Gunna samloku, Magga Bess, Þorkel Mána, láttu mig þá bara vita, ég plögga það.

**Sp.:** Hæ G. Ég gerði nákvæmlega eins og þú sagðir. Ég fór niður í Nóa&Siríus og ég sparkaði upp hurðinni og gerði afsteypu af jónssyninum á mér. Ég lét hænuna á toppinn og gaf henni eggið þegar hún vaknaði. Hún hætti með mér og svarar mér ekki núna þegar ég hringi í hana. Hvað á ég að gera G?

**Kv., Einn í ástarsorg**

**Sv:** Síminn hjá Papco er 5877788

Ekki hika við að drita spurningum á mig!

Þangað til næst! Sææææææææælar!

Kv., Gillz




Bíldshöfða
Skipholti
Hafnarfirði
Kópavogi
AMERICAN STYLE
ERTU KOMIN MEÐ STYLE KORTIÐ?
TILBOÐ 1
GILDIR ALLA DAGA 13-18
ALVÖRU GRILLAÐUR
OSTBORGARI
FRANSKAR & COKE
FRÍ ÁFYLLING
685.-
AMERICAN STYLE
REYKJAVÍK • KÓPAVOGI HAFNARFIRÐI
KORTIÐ GILDIR TIL 31. JÚLÍ 2006